

SHALDOR  
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Snjóbretti &  
vetrarfatnaður



Skilaboð utan á pakkanum  
Vinkonurnar Herdís  
Þórsteinsdóttir og Kristín Björk  
Þorvaldsdóttir hafa látið gera  
gjafapappír með stafarugli.  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

5. desember 2011  
284. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

BEST LESNA  
DAGLAÐ Á ÍSLANDI  
10  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt reitmiðablaðinu. Farnest Gullur árið - júní 2011

## Séreign vaxið um 75 milljarða

Séreignarsparnaður er um 330 milljarðar og hefur vaxið um 75 milljarða frá hrúni. Þó hafa verið greiddir út 50 milljarðar á sama tíma vegna sérstakrar útgreiðslu. Þeir sem taka út séreign borga áfram í sparnað.

**FJÁRMÁL** Langflestir hafa haldið áfram að greiða lífeyrissparnað í séreignarsjóði þrátt fyrir að hafa nýtt sér heimild til sérstakrar útgreiðslu sparnaðar eftir hrúni. Aðeins 1.224 færri greiddu í slíka sjóði árið 2010 en árið á undan, og voru þá 62.251, samkvæmt upplýsingum Landssamtaka lífeyrissjóða.

Heildareignir landsmanna í séreignarsparnaði hafa aukist um tugi milljarða frá því í mars 2009, þegar sérstök heimild til útgreiðslu var gefin með sérákvæði í lögum. Sótt hefur verið um útgreiðslu upp á tæplega 50 milljarða, sem hafa verið greiddir út að stærstum hluta.

Samkvæmt nýjustu tölum Seðlabanka Íslands var eign landsmanna í séreignarsparnaði 327 milljarðar króna hinn 30. júní síðastliðinn. Sé vöxtur þessarar eignar síðastliðin ár hafður í huga losar upphæðin

330 milljarða nú í árslok. Heildarinnistæður séreignarsparnaðar frá hrúni hafa því vaxið um 75 milljarða en hann var 255 milljarðar í árslok 2008; 288 milljarðar í árslok 2009 og 314 milljarðar um síðustu áramót. Vöxturinn hefur því verið nú til þrettán prósent árlega. Fjárfestingartekjur séreignardeilda lífeyrissjóða voru 15,1 milljarðar árið 2010. Við þá fjárhæð bætast vaxtakjur annarra vörsluáðila. Það er því ávöxtun sem skýrir vöxt séreignarsparnaðar umfram annað.

Iðgjöld til séreignarsparnaðar lækkuðu milli ára 2008 og 2009 úr 34 milljörðum í 26 milljarða. Þau lækkuðu aftur milli ára og fóru úr tæpum 27 milljörðum í 29 milljarða króna á árinu 2010. Á tímabilinu nam séreignarsparnaður í heild um 15 prósentum af heildareignum lífeyrisskerfisins.

### Fjárlög 2012 – breytingar boðaðar

Í fjárlögum 2012 er gert ráð fyrir að frádráttarbært viðbótargjald sem ráðstafað er í séreignarsparnað lækki úr fjórum prósentum í tvö prósent. Þessi breyting hefur verið gagnrýnd og talin líkleg til að vega að langtímasparnaði. Breytingin á að skila ríkinu 1,4 milljörðum í auknar skatttekjur á árinu 2012. Helstu rökin fyrir breytingunni eru að einstaklingar þurfi á launum sínum að halda á krepputímum. Eins að þetta övi hagkerfið og hvetji til einkaneyslu og fjárfestinga.

Fréttablaðið hefur reynt að nálgast upplýsingar um hversu margir einstaklingar hafi tekið út allan sinn séreignarsparnað eftir að heimild til úttektar gekk í gildi í mars 2009 en þær upplýsingar liggja ekki á lausu. Þó er ljóst að um nokkuð stóran hóp fólks gæti verið að ræða, þar sem úttektarheimildir hafa verið auknar í þriggung.

Heimildin til útgreiðslu var fyrst

ein milljón. Síðan var sú fjárhæð hækkuð í 2,5 milljónir, þá í fimm milljónir og nú síðast í 6.250 þúsund með lagabreytinu í september. Þar segir að rétthafa séreignarsparnaðar sé heimilt að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar til 1. júlí 2012. Þeir sem höfðu átt séreign fyrir rúmar sex milljónir hafa því átt þess kost að tæma reikninga sína.

- sh



**Uppfyllti eigin draum**  
Sigríður Einarsdóttir gefur úr disk með áramótaefni.  
tímamót 18

### Engin íslensk jólamynd


Engin íslensk mynd verður frumsýnd um jólin. Hvorki Svartur á leik né Djúpið verða frumsýndar á þessu ári.

fólk 34



**Horfir aldrei á vítin**  
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir í íslenska landsliðinu er með sérstaka hjátrú.  
sport 28

### veðrið í dag



**ÉLJAGANGUR** norðanlands en bjart um landið sunnanvert. Strekkingur allra austast en annars hægari vindur. Frost allt að 20 stigum inn til landsins.

VEÐUR 4



**STEMNING VIÐ ELLIÐAVATN** Fjölmargir létu sjá sig á jólamarkaðnum við Elliðavatn í gærðag og nokkrir fóru heim með nýhöggin íslensk jólatré sem kaupa mátti á Hlaðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

### Eldar fyrir kvikmyndastjörnur: Fær doðranta með sérþörfum

**FÓLK** Guðmundur Kr. Ragnars-son er í þeirri stöðu að þurfa að elda nánast hvar sem er, uppi á fjalli eða jökli. Hann sér um mótuneytið fyrir töku-lið Game of Thrones sem er stadd hér á landi og segir að það þýði lítið að mauksjóða spagetti og hella tómatsósu yfir.



GUÐMUNDUR KR. RAGNARSSON

Hann segist oft fara að hlæja þegar menn barmi sér í fjölmöllum yfir nokkrum blaðsíðum af sérþörfum stórstjarna sem hingað koma. „Ég fæ oft heilu doðrantana,“ segir Guðmundur og bætir því við að mikil krafa sé gerð um ferskleika.

- fgg / sjá síðu 34

### Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð  
úr Bygg- og Hveitigrösom



Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

## Vaskur á prentun bóka og tímarita innanlands mun hærri en á erlent prentverk: Í mál við ríkið vegna prentskatts

**ÚTGÁFA** Bækur og tímarit sem prentuð eru innanlands bera mun hærri virðisaukaskatt en erlent prentverk. Samtök iðnaðarins ætla að reka prófmál gegn ríkinu og krefjast þess að munurinn verði leiðréttur.

Bækur og tímarit sem prentuð eru erlendis bera sjö prósent virðisaukaskatt í tolli en íslenskum prentsmiðjum er gert að

leggja á 25,5 prósent vask. Samtök iðnaðarins telja að um óréttmæta mismunur sé að ræða.

Það er skoðun SI að þessi mikli skattamunur hamli samkeppni, og prófmál sé örþrifarad þar sem yfirvöld þverskallist við að leiðrétta villuna.

Fyrirspurnir meðal íslenskra bókaútgefenda sýna hins vegar að þeim var ekki kunnugt um

þennan mikla mun á skattinum og því er hann ekki áhrifavaldur í vali á prentlandi bóka eða tímarita.

Hins vegar kom fram hjá einum viðmælenda Fréttablaðsins að athygli bókaútgefenda hefði verið vakin á þessum mun, sem gæti haft áhrif á það hvar menn prenta í framtíðinni.

- sh / sjá síðu 8

**Jólaleikur**  
**BYKO!**

Vinningshafi laugardagsins er Ragnheiður Jóna Jónsdóttir  
Vinningshafi sunnudagsins er Ragnhildur Árnadóttir



Nýr vinningur á hverjum degi

**Vinningur dagsins:**

**BOSCH höggborvél - 12.990 kr.**

Sjá nánar á [www.byko.is](http://www.byko.is)



ÍSLENSK HÖNNUN  
OG RITSNILLD Í ÞÁGU  
FATLAÐRA BARNA

LEPPALÚÐI

Nánar á [www.jolaoroinn.is](http://www.jolaoroinn.is)  
STYRKARFÉLAG LAMADRA  
OG FATLAÐRA





Gunnar, er allt í kaldakolum? „Nú fyrst fer að hitna í kolunum.“

Kolaportið verður lokað í allt að átján mánuði á næsta ári vegna fyrirhugaðra byggingaframlagsmála í Tollhúsinu. Gunnar Hákonarson, markaðsstjóri Kolaportsins, segir vinnubróðir ríkissjóðs óskiljanleg.

Ranglega orðaður við grein: Óþægindi og sterk viðbrögð

UMRÆÐA „Já, ég hef orðið fyrir miklum óþægindum og fengið sterk viðbrögð, bæði frá þeim sem þekja mig sem og fólki sem þekkir mig ekki,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.



HÖRÐUR ARNARSON

Hörður var ranglega sagður höfundur að grein sem Vilhelm Jónsson fjárfestir skrifaði um auðlindamál og birtist í Fréttablaðinu á föstudaginn. Greinin var eingöngu eftir Vilhelm og kom Hörður ekki nálægt gerð hennar.

„Þetta var óheppilegt því greinin fjallaði um auðlindamál sem tengjast mínu starfi og var hvorki í samræmi við mínar skoðanir né það orðfæri sem ég nota. Margir hafa því haft samband og lýst furðu sinni á því að ég tjáði mig um þessi mál á þennan hátt. Það er erfið að leiðrétta þetta því maður nær aldrei í alla,“ segir Hörður Arnarson.

-jma

Dagbókarfærslur Páls Óskars: Ein færsla á dag

FÓLK Dagbókarbrot frá Páli Óskari Hjalmtýssyni í Sierra Leóne munu birtast næstu daga á visir.is, eitt á dag, fram að söfnunar- og skemmtiþætti UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, sem sýndur verður á föstudag, á degi rauða nefnsins. Dagur rauða nefnsins er landssöfnun fyrir UNICEF.

Páll Óskar fór til Sierra Leóne sem sjálfbodaliði fyrir UNICEF og varð fyrir miklum áhrifum í ferðinni. Páll Óskar hefur verið heimsoforeldri hjá UNICEF frá árinu 2006.

-jma

Tilkynnt um 5.300 brot á kosningalögum í þingkosningunum í Rússlandi: Útlit fyrir töluvert tap Pútíns

RÚSSLAND Útgönguspár í þingkosningum í Rússlandi í gær bentu til töluverðs fylgistas Sameinaðs Rússlands, flokks Vladimirs Pútín, forsætisráðherra landsins.

Samkvæmt fyrstu tölum fengi Sameinað Rússland um 48,5 prósent atkvæða í kosningunum. Kommúnistaflokkurinn fengi næstflest atkvæði, 20,7 prósent. Slík niðurstaða tryggði Sameinuðu Rússlandi 220 þingsæti af 450 í Dúmnum, neðri deild rússneska þingsins, en fyrir kosningararnar hafði flokkurinn 315 sæti.

Fái flokkurinn færri atkvæði en sem nemur 2/3 af þingmannafjölda


missir hann þann meirihluta sem þarf til að hann geti breytt stjórnarskrá landsins upp á eigin spýtur. Litið er á kosningararnar sem mikinn þrófstein fyrir flokkinn.

Undir kvöld í gær höfðu tals-

menn einu óháðu kosningaveitu Rússlands, Golos, tilkynnt um 5.300 brot á kosningalögum, samkvæmt BBC. Meðal annars sögðu þeir að ráðist hefði verið með skipulegum hætti á vefsíðu veitunnar.

Vladimír Pútín býður sig fram á ný í forsetakosningum snemma á næsta ári. Hann var forseti Rússlands á árunum 2000 til 2008, en samkvæmt stjórnarskránni mátti hann ekki bjóða sig fram á þriðja samfellda kjörtímabilinu.

-kg



VLADIMIR PÚTÍN

Annar ofbeldishrotti inn vegna skotárásar

Einn forsprakka vélhjólagentisins Outlaws úrskurðaður í varðhald grunaður um að vera annar höfuðpauranna í skotárás á Höfða. Afsöguð haglabysa fannst á heimili hans. Maðurinn hefur hlotið fjölda þungra fangelsisdóma.

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók á föstudag einn af forsprökkum vélhjólagentisins Outlaws vegna rannsóknar á skotárás í austurborginni í síðasta mánuði. Hann er talinn vera annar höfuðpauranna í málinu og var á laugardaginn úrskurðaður í gæsluvarðhald til 8. desember. Hann hefur kært úrskurðinn.

Maðurinn er 29 ára og á langan sakaferil að baki. Hann hefur meðal annars hlotið þungan dóm fyrir manndrápstílaun. Heima hjá honum fannst afsöguð haglabysa sem lögregla rannsakar hvort hafi verið notuð í skotárásinni.

Málið kom upp að kvöldi 18. nóvember þegar maður kom akandi á lögreglustöð og tilkynnti um að skotið hefði verið á bil hans við bílasöluna Höfðahöllina. Mikil leit upphöfst í kjölfarið að þeim sem þar voru að verki.

Árásin er talin tengjast fikniefnum. Árásarmennirnir létu sér ekki nægja að skjóta á bil mannsins í þann mund sem hann forðaði sér af bílastæðinu heldur óku á eftir honum og skutu afturrúðuna úr bílnum á ferð.

Fjórir hafa nú verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknarinnar. Tveir þeirra voru handteknir strax dagana eftir árásina og hefur annar þeirra nú hafið afplánun á eldri dómi.

Þriðji maðurinn var handtekin 28. nóvember og úrskurðaður í varðhald daginn eftir. Sá er einnig með langan afbrotaferil. Hann er grunaður um að vera sá sem sést skjóta úr byssunni á upptökum úr öryggismyndavélum bílasölunnar.

-sh, jss



VOPNABÚR FANNST Lögregla hefur lagt hald á mikinn fjölda af vopnum í húseleitum vegna málsins og sýndi hluta þeirra á lögreglustöð fyrir skemmtu. Þar gaf að líta skotvopn af ýmsu tagi, hnífa, rafbyssur og fleira.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sat inni fyrir manndrápstílaun

Maðurinn sem handtekinn var á föstudag á langan sakaferil að baki sem nær allt aftur til ársins 1999, þegar hann var sautján ára. Þá var hann dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Nokkrum mánuðum síðar hlaut hann tíu mánaða fangelsi, þar af átta mánuði skilorðsbundna, fyrir rán.

Í september árið 2000 hlaut hann svo þriggja og hálfis árs fangelsi fyrir tílraun til manndráps, líkamsárás og árás á lögreglumann. Hann hafði stungið 22 ára mann í síðuna og kviðinn og munaði einungis örfáum sentimetrum að blaðið gengi inn í hjartað. Þá hafði hann skallað lögreglumann sem handtók hann vegna ránsrannsóknar og barið mann fyrir utan skemmtistað.

Í árslok 2000 hlaut hann hálfis árs fangelsidóm fyrir líkamsárás og árið 2003 tveggja og hálfis árs dóm fyrir fjárfvik. Í síðari dómnum var reynslausn hans af þyngsta dómnum tekin upp. Hann var síðan árið 2008 dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir fikniefnabrot en þar var reynslausn einnig tekin upp. Hann hafði þá verið tekinn með rúm 50 grömm af amfetamíni og 14 grömm af kókaini.

Maðurinn komst í fréttir í maí 2008 þegar hann var stunginn sjö sinnum í söluturni í Kaupmannahöfn. Vitni sögðu hann hafa verið í annarlegu ástandi og hreytt rasískum ummælum í starfsmann söluturnsins.

Ahrifakonur á lista Forbes:

Forstjóri Pepsi er valdamest

VÍÐSKIPTI Indra Nooyi, forstjóri PepsiCo, móðurfélags Pepsi á heimsvísu, er álitinn valdamesta kona í einkageiranum á heimsvísu samkvæmt Forbes. Hún stýrir fyrirtæki sem veltir árlega yfir sextíu milljörðum dollara og er stærsta matvælafyrirtæki Bandaríkjanna.

Söngkonurnar Lady Gaga og Beyoncé Knowles eru báðar á topp tíu á listanum, en þær eru álitnar afar áhrifamiklar þegar kemur að tískuárásum í fataiðnaði og fjölmiðlum.

Ólafur Þórðarson látinn

Ólafur Þórðarson tónlistarmaður lést á Grensasdeild í gærmorgun. Hann slasaðist alvarlega þegar sonur hans, Þorvarður Davíð Ólafsson, réðst á hann fyrir rúmu ári og komst aldrei til meðvitundar eftir það. Þorvarður Davíð var dæmdur í fjórtán ára fangelsi í Hæstarétti fyrir árásinna.



Ólafur var fæddur árið 1949 í Glerárþorpi á Akureyri. Hann var menntaður tónlistarkennari spilaði með fjölmörgum hljómsveitum á löngum tónlistarferli, þar á meðal Ríó Tríó, Kuran Swing og South River Band. Ólafur rak einnig umboðsskrifstofu fyrir listamenn í mörg ár. Ólafur lætur eftir sig eigin konu, tvo syni og uppeldisson.

Hlé gert á yfirheyrslum í gær:

Undirbúningur fyrir vikuna

LÖGREGLUMÁL Hlé var gert á yfirheyrslum hjá sérstökum saksóknara í gærdag í Glitnismálinu svokallaða. Fjölmargin voru yfirheyrðir á laugardag vegna málsins.

Í samtali við fréttastofu Stöðvar tvö í gær sagði Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, að ákveðið hefði verið að gera hlé í gær og einbeita sér þess í stað að því að undirbúa yfirheyrslur komandi viku. Þrjár fyrrverandi starfsmenn Glitnis sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

-jma

Álit meirihluta fjárlaganefndar um fjárlögin kynnt í dag:

Sátt náðist í gær um fjárlögin

STIÓRNSÝSLA Meirihluti fjárlaganefndar afgreiddi fjárlögin til þriðju og síðustu umræðu á sjöunda tímanum í gær. Til stóð að ljúka málinu á laugardag en því var frestað um einn dag og frekari gagna aflað.

Fjárveitingar til nýs fangelsis á Hólmsheiði er það sem harðast hefur verið deilt um í nefndinni. Efasemdir höfðu komið upp um nauðsyn jafn stórs fangelsis á heiðinni og gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Þær efasemdir var meðal annars að finna í meirihlutaáliti allsherjar- og menntamálanefndar, sem vildi minna fangelsi þar en byggja frekar upp á Litla-Hrauni. Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að samkomulag hefði náðst um að setja fé í fangelsi á Hólmsheiði samkvæmt upprunalegum tillögum, en veita um leið fjármagni til endurbóta á Litla-Hrauni.

Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar, vildi ekki tjá sig um efnisatriði meirihlutaálitsins. Fundað hefði verið alla helgina og tekið á þeim málum sem nauðsynlegt hefði verið að gera. Málið væri nú klárt fyrir þriðju umræðu sem fram fer á þriðjudag.

„Eins og menn hafa skilið var áherslumunur um



ALPINGI Fundað var í fjárlaganefnd alla helgina. Frumvarp til fjárlaga var afgreitt úr nefndinni um kvöldmatarleytið í gær.

ákveðin mál. Því var lent í sátt og málið tekið út úr nefndinni af meirihluta hennar í fullkominni sátt,“ segir Björn Valur. Málið verður kynnt í hádeginu.

-kóp

# JÓLAKAFFIÐ

frá Te & Kaffi  
– ómissandi á aðventunni.

TE & KAFFI

TE & KAFFI

www.teogkaffi.is



# Ódýrustu hjá Nova!



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

**Nokia C2-01**

**1.790 kr. í 12 mán.**

**19.990 kr. stgr.**



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

**Samsung Galaxy 5**

**1.790 kr. í 12 mán.**

**19.990 kr. stgr.**



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

**Nokia 2730**

**1.690 kr. í 12 mán.**

**18.990 kr. stgr.**

# Snjallir hjá Nova!



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

**Nokia X3-02**

**2.790 kr. í 12 mán.**

**29.990 kr. stgr.**



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

**LG Optimus One**

**2.990 kr. í 12 mán.**

**32.990 kr. stgr.**



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

**HTC Wildfire S**

**3.690 kr. í 12 mán.**

**39.990 kr. stgr.**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.  
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	118,21	118,77
Sterlingspund	185,31	186,21
Evra	159,27	160,17
Dönsk króna	21,427	21,553
Norsk króna	20,427	20,547
Sænsk króna	17,512	17,614
Japanskt jen	1,5171	1,5259

SDR 184,25 185,35

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,8536

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ASKORUN Fyrirtæki þurfa að finna leiðir til að tryggja öryggi snjallsíma og spjaldtölva. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Könnun á tækniögnum:

### Snjallsímarnir stærsta ógnin

**TÆKNI** Ein af stærstu ögnum sem tæknifyrirtæki munu þurfa að takast á við á næsta ári er notkun snjallsíma og spjaldtölva. Þetta er niðurstaða alþjóðlegrar könnunar á upplýsingaöryggi sem unnin var af Deloitte.

Snjallsímar og spjaldtölvur hafa oft mikinn aðgang að kerfum og upplýsingum, en erfitt er að tryggja öryggi þeirra, sérstaklega þar sem tækin eru oft í eigu starfsmanna og því oft ekki ljóst hver á að tryggja öryggi þeirra.

Samkvæmt könnuninni, sem gerð var meðal fyrirtækja í tæknigeiranum, hafa áherslur í upplýsingaöryggismálum lítið breyst þó ögnirnar séu sífellt að verða alvarlegri. - bj

### LEIÐRÉTT

Myndum af Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra Íslenska lífeyrisjóðsins, og Gunnar Baldvínssyni, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrisjóðsins, var víxlað í umræðugrein sem bar yfirskriftina Allir tapa og birtist í blaðinu á laugardag. Halldór og Gunnar eru beðnir velvirðingar á mistökunum.

Stefnir þú að háskólanámi en vantar tilskilinn undirbúning?

# HÁSKÓLAGRUNNUR

## FRUMGREINANÁM HR BRÚAR BILIÐ

Sæktu um á [www.frumgreinar.is](http://www.frumgreinar.is)

**OPNI HÁSKÓLINN**  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Norskir útvegsmenn telja fjögur prósent af makrílkvóta duga Íslendingum:

# Hugmyndir um makríl fráleitar

**SJÁVARÚTVEGUR** „Hugmyndir um fjögurra prósent hlut Íslands í makrílveiðum eru fráleitar og ekki í neinu samræmi við kröfur okkar um réttmæta hlutdeild úr makrílstofninum,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, á heimasíðu sambandsins.

Í yfirlýsingu hagsmunaaðila í sjávarútvegi í Noregi og ESB, sem birt var á vef norskra útvegsmanna, segir að þeir sætti sig við að Ísland fái í mesta lagi fjögur prósent heildaraflans í sinn hlut. Undanfarin ár hefur hlutur Íslands í heildarveiðinni verið 16-17



**VERÐMÆTI** Útflutningsverðmæti makríls losar 30 milljarða á þessu ári.

prósent og hugmyndir Íslendinga í viðræðum um auðlindina hafa tekið mark af því.

1,1 milljón tonn af makríl mældist innan íslensku lögsögunnar í

rannsóknarleiðangri sem farinn var í sumar. Það er svipað magn og mældist í sambærilegum leiðangri árið áður.

Friðrik segir „dylgjur hagsmunaaðila í Noregi og ESB um ósjálfbærar veiðar Íslendinga ómaklegar ekki síst þegar horft er til þess að þessir aðilar hafi fyrir síðustu vertíð tekið sér 90 prósent þess magns sem Alþjóðahafsrannsóknaráðið lagði til að heimilt yrði að veiða“. Ekki hafi verið horft til hagsmuna annarra strandríkja við þá ákvörðun og hún því verið bein ávísun á ofveiði úr stofninum. - shá

Kvikmyndahátíðin í Torino:

# Á annan veg sigursæl

**MENNING** Kvikmyndin Á annan veg eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson var valin besta myndin á 29.

Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Torino á Ítalíu á laugardag.

Verðlaunaféð nam 20.000 evrum, rúmum þremur milljónum króna. Formaður dómnefndar var ljósmyndarinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Jerry Schatzberg, sem meðal annars á heidurinn af ljósmyndinni *Blonde* og *Blonde-plötu* Bob Dylan og kvikmyndinni *The Panic in Needle Park* með Al Pacino. - kg

# Ögmyndur efins um langtímaleigu Nubo

Innanríkisráðherra list ágætlega á að stjórnvöld ætli að hjálpa hinum kínverska Huang Nubo að fjárfesta hérlandis. Öðru máli gegni hins vegar um landakaup og leigu til langs tíma. Iðnaðarráðherra sakar Ögmyndur um dylgjur og fáfræði.

**STJÓRNSÝSLA** Ögmyndur Jónasson innanríkisráðherra kveðst ekkert nema gott hafa að segja um áhuga hins kínverska Huang Nubo á fjárfestingum hér á landi. Hann gerir ekki athugasemdir við að Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hyggist liðsinna honum við þær.

„Mér list ágætlega á það. Ef til stendur að þessi einstaklingur eða fyrirtækjasamsteypa sem hann tengist hefur hug á að fjárfesta í íslenskum ferðaiðnaði, hótelum eða öðru, þá er ekkert nema gott um það að segja,“ segir Ögmyndur, sem í lok nóvember hafnaði beiðni Nubo um undanþágu fyrir kaupum á Grímsstöðum á fjöllum.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

„Ef spurningin snýst um kaup á landi, ég tala nú ekki um mjög stóru landsvæði, eða leigu til langs tíma þá horfir það öðruvísi við vegna þess að við höfum einfaldlega um það lög sem við viljum fara eftir,“ segir hann.

Nubo sagðist í viðtali við Stöð 2 fyrir helgi vera opin fyrir þeim möguleika að taka landsvæðið á leigu úr því að kaupin hafi ekki fengið að ganga eftir. Íslensk stjórnvöld eiga nú í viðræðum við Nubo um framhaldið og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir að reynt verði að leiðbeina honum í gegnum íslenskt lagaumhverfi.



**ENN ÁHUGASAMUR** Huang Nubo vill enn fjárfesta á Íslandi þótt hann fái ekki að kaupa Grímsstaði. NORDICPHOTOS/AFP

Vilji Nubo hins vegar gera samning um leigu á landinu til lengri tíma en þriggja ára, án uppsagnarákvæðis, þá þarf málið að fara aftur inn á borð innanríkisráðherra.

Ögmyndur segist engan þátt eiga í viðræðunum við Nubo. „Við eigum enga aðild að því,“ segir hann, og vísar til starfsmanna innanríkisráðuneytisins.

Katrín sagðist í fréttum RÚV í gær afar ósátt við ummæli Ögmondar í þá veru að vonandi hygðust íslensk stjórnvöld ekki leiðbeina Nubo framhá íslenskum lögum.

„Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð undrandi á þeim, að hann skuli ætla okkur að gera eitthvað slíkt og skuli ákveða að dylgja um slíkt án þess að tala við kóng eða prest áður en það er gert,“ sagði Katrín.

Hún sakaði hann jafnframt um fáfræði um íslenskt fjárfestingarumhverfi. „Það er kannski ekkert skrítið að hann átti sig ekki á því hverju opið Ísland er í raun og veru fyrir fjárfestingum í atvinnustarfsemi enda kannski erlendar fjárfestingar ekki beint verið á hans sviði hingað til, eins og menn vita.“

stigur@frettabladid.is

Sakaður um áreitni:

# Cain hættir við framboðið

**BANDARÍKIN** Herman Cain, einn þeirra sem þótt hafa líklegir til að hreppa útnefningu Repúblíkanaflokksins til framboðs í næstu forseta-



HERMAN CAIN

kosningum í Bandaríkjunum, tilkynnti í gær að hann hefði dregið framboð sitt til baka. Beðið hefur verið eftir ákvörðun Cains í um tvær vikur, en hann hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni í garð fjögurra kvenna. Þá hefur kaupsýslukonan Ginger White sagt að hún hafi átt í ástar sambandi við hinn gifta Cain í þrettán ár.

Cain auðgaðist á matvæla- viðskiptum áður en hann bauð sig fram. Hann segir ásakanir kvennæms ósannar en hann dragi framboðið til baka með velferð fjölskyldu sinnar í huga. - kg

Iceland Express kynrir vélar:

# Flug á 5.000 kall í 12 tíma

**FERDALÖG** Iceland Express hefur ákveðið að bjóða 4.576 flugmiða á svokölluðum starfsmannakjörum til almennings. Miðarnir fara í sölu á hádegi í dag en um er að ræða ferðir nú í desember. Tilboðið stendur í tólf tíma. Aðeins eru greiddar 2.475 krónur hvora leið fyrir flugfarið auk flugvallarskatta.


Í tilkynningu frá félaginu segir að með tilkomu nýrra Airbus A320 flugvéla hafi sætaframboð félagsins aukist og félagið vilji gefa fólki tækifæri til að kynnast þeim flugvélakosti sem Iceland Express býr nú yfir. - shá

## VEÐURSPÁ



**HÖRKUFROST** verður inn til landsins í dag. Veður verður bjart sunnanlands en eljagangur norðan heiða. Nokkur óvissa er um framhaldið en búast má við frosti næstu daga og eljagangi eða snjókomu.

Á MORGUN Strekkur eða allhvasst S- og V-til, annars



HEIMURINN	
Alicante	17°
Basel	11°
Berlín	6°
Billund	3°
Frankfurt	10°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	21°
London	6°
Mallorca	19°
New York	14°
Orlando	26°
Ósló	2°
París	9°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



27. október 2011

finnur.is 31

Nissan Qashqai notaður bill ársins í Bandaríkjunum



Morgunblaðið/Emir  
Nissan Qashqai hafa reynt vel við íslenskra aðstæður og eini í endursölu, en í Bandaríkjunum þykja engir bílar betri að því leyti og fá viðurkenningu skv. þvf.

### Traustir bílar og góðir í endursölu

Árlega eru útnefndir bílar ársins í Bandaríkjunum í flokki notaðra bíla. Eru það þriggja ára bíla og mat á endurseljanleika þeirra. Í ár varð Nissan Qashqai hlutskarpastur en auk þess var hann valinn besti fjölskyldubíllinn af smærri gerð notaðra bíla.

#### Jagúar besti forstjórabíllinn

Í flokki bestu notuðu forstjóra- og lúxusbílanna varð Jagúar XF en bæði hann og Qashqai eru smíðaðir í Bretlandi. Vikuritíð What Car? er bakhjarl viðurkenningar þessara og segir ritstjórnin Chas Hallett, að framleiðsluteymi beggja bílategundanna geti verið stolt. Gæði beggja hafi verið frábær er þeir runnu af færibandinu og þremur árum seinna stæðust engir notaðir bílar þeim snúning hvað verðmæti við endursölu varðaði.

Dómarar lofuðu stíl Qashqai-bilsins, verð og fjölskylduvænt innra rými, akstursþægindi, lágan rekstrarkostnað og endingartraust og hámarks einkunn, fimm stjörnur, úr Euro NCAP-öryggisprófinu heillaði þá líka. Bill ársins frá fyrra, Ford Mondeo 2.0 TDCi Zetec, var valinn besti notaðri bíllinn.



Ástmar Ingvarsson, Ford Fiesta 1.25i Style+ besti ofursmábilinn og Ford S-Max 2.0 TDCi besti notaði fjölnotabíllinn. Þá var Volkswagen Golf 1.6 TDI SE kjörinn grænasti notaði bíllinn.

#### Kaupendamarkaður

„Nissan Qashqai hafa reynt góðir endursölubílar hér á landi og að því leyttinu til kemur valið í Bandaríkjunum ekki á óvart.“ segir Ástmar Ingvarsson, bíl-sali hjá Bilaborg í Reykjavík. „Við höfum selt allmarga bíla þessarar gerðar að undanförunu, nú síðast einn í byrjun vikunnar. Núna eru bílaleigubílar að koma til endursölu eftir tveggja sumra úthald, en leigurnar hafa einmitt tekið allmarga Nissan Qashqai sem eru afar traustir bílar og henta vel við íslenskar aðstæður. Og núna er einmitt talsvert mikið framboð af notuðum bílum til sölu og að því leyttinu til er kaupendamarkaðurinn mjög hressur.“



# FJÖLSKYLDUBORGAR-SVEITASPORTJEPPI

## NISSAN QASHQAI

Þessi vinsæli sportjeppi er nú fáanlegur bæði í 5 og 7 manna útgáfum. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

[www.nissan.is](http://www.nissan.is)

Sjálfskiptur  
Fjór hjóladrif með LOCK stillingum  
Ríkulegur búnaður  
Meðaleyðsla 8,0 l/100km

Verð frá **5.440 þús. kr.**

62.577,- á mán.\*

\*Miðað við Bílasamning, 30% útborgun og eftirstöðvar til 84 mán.



### JÓLAGLAÐNINGUR

Heilsársdekk fylgja öllum Nissan Qashqai til jóla!



## KJÖRKASSINN



Tekur þú strætó?

Já	20,8%
Nei	79,2%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Er gæluðyr á heimilinu?

Segðu skoðun þína á visiris



Samevrópskt verkefni fær veglegan styrk frá menntaáætlun ESB:

## Miðla þjóðsagnahefð milli landa

**MENNING** Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða mun næstu tvö ár standa fyrir verkefni ásamt fimm evrópskum samstarfslöndum, sem ætlað er að miðla þekkingu og þjóðsögum milli kynslóða.

„Þetta verður samtali milli yngri og eldri kynslóðar við að finna sameiginlegan sagnagrunn þessara landa,“ segir Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur hjá Náttúrustofunni.

„Hver þjóð mun halda vikulanga uppákomu, okkar verður á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Þar munum við kynna okkar íslensku kvæða-

hefð og ein hugmyndin er að gefa ungu fólki tækifæri til að túlka sína sýn á þjóðlög og tjá þau með sínum hætti.“

Verkefnið, sem ber heitið Fostering Adult Learner Empowerment Through Storytelling and Folklore, hlaut á dögunum 45 milljóna króna styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins, en auk Íslands taka England, Írland, Þýskaland og Búlgaría þátt í verkefninu.

Annað markmið með verkefninu er einmitt að færa saman ólíka menningarheima innan Evrópu.

- þj



**MARGRÉT HRÖNN HALLMUNDSDÓTTIR** Segir verkefnið munu færa saman ólíka menningarheima innan Evrópu.

Hinn brasilíska Socrates:

## Knattspyrnu-goðsögn látin

**BRASÍLÍA** Brasilíska knattspyrnu-goðsögnin Socrates lést á sjúkrahúsi í fyrrinótt af völdum sýkingar í meltingarfærum. Hann hafði glímt við veikindi í nokkurn tíma og var tvisvar lagður inn á sjúkrahús í haust.

Socrates, sem lést 57 ára, var fyrirlíði brasilíska landsliðsins á HM á Spáni 1982. Margir telja það landslið það besta sem Brasilíumenn hafa teft fram og með þeim betri í sögunni, en sjálfur náði Socrates aldrei að verða heimsmeistari.

- kg



**2007 STEMNING** Áfram ná flestar hópuppsagnir til starfsfólks í byggingaríðnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hópuppsagnir árið 2011:

## Mannvirkjagerð er enn áberandi

**ATVINNA** Vinnumálastofnun bærust tvær tilkynningar um hópuppsagnir í nóvember 2011. Um er að ræða tilkynningu um uppsagnir í fjármálastarfsemi og iðnaði. Heildarfjöldi þeirra sem sagt er upp er 72 starfsmenn.

Þeir starfsmenn, sem sagt hefur verið upp, koma til með að missa vinnuna aðallega í mars 2012. Ástæður uppsagnanna eru sagðar endurskipulagning og rekstrarerfiðleikar.

Alls hafa VMST borist tilkynningar um uppsagnir 752 manns í hópuppsögnum á árinu 2011, mest í mannvirkjagerð eða 248 manns.

- shá

Rúmlega sjötugur dæmdur:

## Strauk kynfæri og hótaði fólki

**DÓMSMÁL** Rúmlega sjötugur maður, Ólafur Bertelsson, hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot.

Hann var dæmdur fyrir að hafa að lágmarki í tíu skipti sumrin 2009 og 2010 verið allsnakinn á svölum íbúðar sinnar í auglýsingu nágranna. Jafnframt að hafa við óbyrgðan glugga á heimili sínu strokið á sér kynfærin.

Loks var hann dæmdur fyrir að hafa hringt heim til fólks sem hann hafði áður berað sig fyrir og hótað því lífláti. Maðurinn játaði brot sín fyrir dómi. Hann rauf skilorð með þessum brotum.

- jss

## Skylmast í bragga

Gamall braggi í Nauthólsvík hefur verið gerður upp af félögum í Einherjum, Víkingafélagi í Reykjavík. Í gærdeg gátu víkingarnir æft skylmingar sínar í fyrsta skipti í ár eftir mörg hundruð klukkustunda vinnu við lagfæringar.

**FÓLK** „Við erum búnir að klára að gera braggann upp eins og við viljum hafa hann og gátum æft í fyrsta skipti í dag í heilt ár,“ segir Gunnar Víking Ólafsson hjá Einherjum, Víkingafélagi í Reykjavík.

Félagið fékk 115 fermetra gamlan bragg í Nauthólsvík til afnota fyrir um ári en bragginn er eign Reykjavíkurborgar og hafði staðið ónotaður í mörg ár, án hita og rafmagns. Einherja sárvantaði aðstöðu undir skylmingaæfingar að hætti víkinga og fengu vilyrði fyrir því að fá braggann undir þær æfingar, að því tilskildu að félagið sæi um að lagfæra húsnæðið.

„Við höfðum verið húsnæðislausir í nokkurn tíma. Íþróttafélögin vildu ekki hleypa okkur inn af ötta við að vopnin myndu skemma gólfið og þeir hjá bílageymslunum óttuðust að við myndum reka þau í vatnslagnirnar fyrir ofan okkur. Við leitum til borgarstjóra og mættum miklum skilningi, bæði hjá fyrrverandi borgarstjóra, Hönnu Birnu, og Jóni Gnarr sem unnu að því að koma okkur í gott húsnæði.“

Gunnari telst til að hann hafi unnið í um 800 vinnustundir að því að gera braggann upp og aðrir félagsmenn hafa líka lagt hönd á plóg. Bragginn var fullur af rusli frá fyrri tímum sem tók langan tíma að hreinsa út. Þá þurfti að steypa gólf, klæða vegg, steypa kant til að styrkja húsið, mála að utan og innan og fleira til, en hamrað gler verður sett upp þegar fer að vora. Efni í húsnæðið fengu Einherjar gefins frá fyrirtækjum og lögð auk þess 300.000 krónur sjálfir í viðgerðirnar. Það hefur glatt Reykvíkings sem átt hafa leið um að sjá lagfæringarnar að sögn Gunnars.

## Fengu loks húsnæði fyrir æfingar



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Félagar í Einherjum höfðu ekki aðstöðu til æfinga þegar þeir fengu braggann afhentan. Forsvarsmenn íþróttafélaga óttuðust að vopnin myndu skemma gólfin og í bílageymslunum var talið að vopnin gætu rekist í vatnslagnirnar.



„Í braggnum er þó ekki komið hiti, hiti né rafmagn en okkur finnst það sniðið að okkar starfsemi því víkingar höfðu ekki þau nútímaþægindi. Við munum hugsa vel um húsnæðið og óskum þess að fá að vera hér sem lengst. Í staðinn getum við kynnt menningu víkinga og draumurinn er að halda árlegar víkingahátíðir á Klambartúni og að sú fyrsta verði 2013. Við höfum haft fullan skilning á því að borgin er að spara og okkar kjörorð er því „Spurðu ekki hvað borgin getur“

gert fyrir þig heldur hvað þú getur gert fyrir Reykjavíkurborg.“

Gunnar hefur oft sinnis farið á víkingahátíðir erlendis. „Þær eru sóttar af tugþúsundum og þar er ég alltaf spurður um íslenskar víkingahátíðir. Ísland er mekka víkinga um allan heim og við ættum því að halda stærstu hátíðirnar. Facebook-síða okkar er með nærri 8.000 aðdáendum og 90 prósent eru útlendingar. Erlendir ferðamenn vilja koma hingað til lands og sjá menningu okkar.“

juliam@frettabladid.is

Marine Stewardship Council:

## Þorskur og ýsa nú MSC-vottuð

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningsráð norskra sjávarafurða (NSEC) hefur fengið MSC-vottun um sjálfbærar veiðar á allar þorsk- og ýsuveiðar við Noreg.

Þetta þýðir að mögulegt er að selja afurðir af veiðum á 340 þúsund tonn af þorski og 153 þúsund tonn af ýsu undir merki MSC. Nær þetta til veiða í troll, línu, handfæri og net.

Norðmenn selja saltfisk og fleiri afurðir í suðlægum löndum Evrópu og Suður-Ameríku. Frosnar afurðir og ferskar afurðir eru seldar í norðlægari Evrópulöndum.

- shá



**FAYSAL KHABBAZ HAMOUI** Fulltrúi Sýrlands á fundi Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindafulltrúi SP:

## Vill rannsókn á Sýrlandsstjórn

**SVISS, AP** Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, vill að Alþjóðlegi saka-dómstóllinn taki mannréttindabrot sýrlezkra stjórnvalda til rannsókna.

Pillay kynnti á fundi mannréttindaráðs SP á föstudag nýjar upplýsingar um framferði sýrlezkra stjórnvalda gagnvart mótmælendum, þar sem meðal annars kemur fram að meira en fjögur þúsund manns hafi verið drepnir undanfarna mánuði, þar af að minnsta kosti 307 á barnsaldri.

- gb

# Nýjustu heyrnartækin og ókeypis heyrnarmæling

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og kynntu þér nýjustu heyrnartækin sem við höfum að bjóða. Þú trúir örugglega ekki þínum eigin augum - hvað þá eyrum!

## HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin • Kringlunni  
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is





# Það er allt í snertingunni



## HTC Wildfire S™

HTC Sense viðmót – frábær grafík og upplifun sem gerir HTC Wildfire einn skemmtilegasta símann á markaðnum.

Nýjasta Android Gingerbread OS.

Glæsileg hönnun úr áli og stáli.

Einstakt snertiviðmót (zoom in – zoom out).

Veðurforrit og klukka uppfærast sjálfkrafa þegar ferðast er á milli landa.

Með símtali frá tengilið sem er vistaður í símanum birtist Facebookstaða tengiliðs ásamt áminningu ef hann á afmæli.

Innbyggður GPS-kortagrunnur yfir 80 landa.

Einfalt að deila myndum með þeim sem eru á myndunum (tag and share).

Wi-Fi hot-spot – breyttu símanum í heitan reit fyrir allt að 8 tölvur samtímis.

Snúðu símanum á hvolf þegar hann hringir og þá þagnar hann sjálfkrafa.

Gorillagler

Vinnsluminni og innra minni allt að 512 Mb.

Mailbox – frábært skipulag á tölvupóstinum.



HTC Desire S

HTC Sensation  
with Beats Audio™

HTC Incredible S

HTC Rhyme

HTC Radar

HTC Titan

HTC Mozart

HTC Trophy

HTC er með fjölbreytt úrval af sínum, fyrir allar þarfir og kröfur.

Fæst í verslunum Símans, Vodafone, ELKO, TAL, Hátækni og hjá endursöluaðilum um allt land.

htc





**TIL LEIGU**

## FRÁBÆRT VERSLUNARHÚSNÆÐI EINSTÖK STAÐSETNING

Til leigu er verslunarhúsnæði á 2 hæðum að **Hallarmúla 2**, samtals um 1.500 fm. Húsnæðið er tilbúið undir verslunarrekstur. Næg bílastæði.

Nánari upplýsingar  
gefur Örn V. Kjartansson,

orn@m3.is, gsm 825 9000.



FASTEIGNAR- OG  
LEIGUMÍÐLUN

**HEAD**  
SNOWBOARDS

**20% pakkaafsláttur**

tökum notaðan brettabúnað upp í nýjan



**FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN**

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

**PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**



**Hemmi Gunn** – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótíð vel

**BYLGJAN** 25  
ÁR 989

45.000 yfirgáfu heimili sín vegna sprengjuhættu í þýsku borginni Koblenz:

## Gerðu sprengjurnar óvirkar

**ÞÝSKALAND** Sprengjusérfræðingar í þýsku borginni Koblenz gerðu í gær tvær sprengjur úr síðari heimsstyrjöldinni óvirkar. Sprengjurnar fundust í ánni Rín þegar vatnsborð hennar lækkaði eftir langvarandi þurrka. Aðgerðin er sú umfangsmesta vegna sprengjuhættu í Þýskalandi frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Stærri sprengjan var 1,8 tonn að þyngd, en breski flugherinn varpaði henni milli áhranna 1943 og 1945. Minni sprengjunni var varpað af flugher Bandaríkjanna á svipuðum tíma, en hún vó um



**SPRENGJUHÆTTA** Fjöldi sandpoka var komið fyrir hjá sprengjunum í aðgerðinni. NORDICPHOTOS/AFP

125 kíló og stafaði meiri hætta af henni, að mati sérfræðinganna. Aðgerð sérfræðinganna tók

um þrjár klukkustundir. Rýma þurfti Koblenz í tveggja kílómetra radíus frá sprengjunum, og voru um 12.000 rúm sett upp í skólum til skjóls fyrir þá sem höfðu ekki í önnur hús að vernda á meðan. Um 500 slökkviliðs- og lögreglubílar voru til taks ef svo hefði farið að sprengjurnar hefðu sprungið.

Talið er líklegt að fleiri sprengjur uppgötivist í Rín á næstu dögum. Algengt er að sprengjur úr stríðinu finnist í Þýskalandi, en í júlí á síðasta ári létust þrjár í bænum Göttingen þegar sprengja úr seinna stríði sprakk. - kg

## Bókaskattur þvingar SI í mál gegn ríkinu

Bók sem er prentuð á Íslandi ber 18,5 prósentum hærri virðisaukaskatt en bók prentuð á erlendri grundu. Samtök iðnaðarins íhuga prófmál gegn ríkinu vegna þessa. Margir útgefendur virðast ekki hafa vitað af þessum mikla mun.

**ÚTGÁFA** Bækur og tímarit prentuð á Íslandi bera mun hærri virðisaukaskatt en erlent prentverk. Samtök iðnaðarins (SI) hlutast til um að reka prófmál gegn ríkinu fyrir héraðsdómi þar sem þess verður krafist að innlendir framleiðendur sitji við sama borð og þeir sem flytja inn bækur og tímarit prentuð erlendis. Bókaútgefendur, ólíkt prenturum, virðast hins vegar ekki hafa þekkt til þessa mikla munar á skattinum og hann skýrir ekki hvar þeir láta prenta bækur sínar.

Bækur og tímarit sem prentuð eru erlendis bera sjö prósent virðisaukaskatt í tolli en íslenskum prentsmiðjum er gert að leggja á 25,5 prósent vask á sitt prentverk. Samtök iðnaðarins telja að um óréttmæta mismunur sé að ræða.

Sigurður B. Halldórsson, lögfræðingur hjá SI, útskýrir að prófmálið sé örþrífarað, þar sem skattayfirvöld neiti að viðurkenna kjarna málsins. „Hann er að íslenskar prentsmiðjur, eins og þær erlendur, skila bók tilbúinni til neytenda. Í virðisaukalögum stendur skýrt að bók skuli bera sjö prósent skatt. Þetta misræmi gengur ekki upp þegar löggin eru skoðuð. Yfirvöld þverskallast við og fullyrða að þetta sé prentsmiðjuþjónusta sem á að bera hærri skatt.“

Sigurður segir að þessi mikli skattamunur hamli samkeppni, og því afar mikilvægt að fá úr þessum ágreiningi skorið.

Fyrirspurnir meðal íslenskra bókaútgefenda vegna fréttarinnar sýna að þeim var mörgum ekki kunnugt um þennan mikla mun á skattinum og því er hann ekki áhrifavaldur í vali á prentlandi bóka eða tímarita. Útgefendur, sem flestir láta prenta hérlendis, horfa



**Í ODDA** Hlutfall prentaðra bóka á Íslandi er um 70 prósent og hefur aldrei verið hærri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mikið til styttri afgreiðslutíma, möguleika á endurprentun og hagstæðari greiðsluskilmála, svo fátt eitt sé nefnt. Hins vegar kom fram hjá einum viðmælenda Fréttablaðsins að athygli bókaútgefenda hafi verið vakin á þessum mun sem geti haft áhrif á hvar bækur verða prentaðar í framtíðinni.

Könnun á prentað íslenskra bóka, sem getið er í Bókatiðindum FÍB, árið 2011 sýnir að fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands dregst saman um rúmlega þrjú prósentustig milli ára en árið 2010 var 71,4 prósent hlutfall á prentun bókatitla innanlands. Mikill munur á virðisaukaskatti skýrir því ekki þennan samdrátt. Það er aukin útgáfa barnabóka, en samþent, og þá erlendis, er algengt í útgáfu barnabóka þar sem prentað er sameiginlega fyrir mörg lönd. svavar@frettabladid.is

„Í virðisaukalögum stendur skýrt að bók skuli bera sjö prósent skatt. Þetta misræmi gengur ekki upp þegar löggin eru skoðuð.“

**SIGURÐUR B. HALLDÓRSSON**  
LÖGFRÆÐINGUR HJÁ SAMTÖKUM  
IÐNAÐARINS

### Prentaðar bækur 2011

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 690 í Bókatiðindum í ár en var 710 árið 2010. Listinn sýnir fjölda bóka prentaðra í hverri heimsálfu og hlutfall af heild.

	Fjöldi titla	%
Ísland	470	68,1
Asía	119	17,2
Evrópa	100	14,6
Annað	1	0,1
<b>Samtals</b>	<b>690</b>	<b>100%</b>

Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands veitt í þremur flokkum:

## Þættir brutu blað í fjölmiðlun

**SAMFÉLAGSMÁL** Öryrkjabandalag Íslands veitti Hvatningarverðlaun sín um helgina, á Alþjóðadegi fatlaðra, í fimmta sinn. Í flokki einstaklinga fékk Bergþór Grétar Böðvarsson viðurkenningu fyrir að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri umræðu um geðsjúkdóma á Íslandi og Hestamannafélagið Hörður fékk verðlaun í flokki fyrirtækja og stofnana fyrir frumkvöðlastarf í hestaíþróttum fatlaðra barna og unglunga. Loks hlaut sjónvarpsþátturinn Með okkar augum viðurkenningu fyrir frumkvöðlastarf í dagskrárgerð.

„Þeir sem hljóta Hvatningarverðlaunin eru aðilar sem hafa tekið skref á þeirri leið að búa til eitt samfélag fyrir alla,“ segir Steinunn Þóra Árnadóttir, formaður undirbúningsnefndar verðlaunanna.



**DAGSKRÁRGERÐ VERÐLAUNUÐ** Aðstandendur sjónvarpsþáttarins Með okkar augum eru meðal þeirra sem hlutu Hvatningarverðlaunin.

„Bergþór hefur verið brautryðjandi í sínu starfi, sem fulltrúi notenda á Geðsviði Landspítala og fær viðurkenningu fyrir það. Þeir hjá Hestamannafélaginu Herði hafa boðið upp á reiðnámskeið fyrir fótluð börn og unglunga. Í síðasta

floknum snúast verðlaunin um kynningu og umfjöllun á málefnum fatlaðs fólks út á við og við teljum að þar hafi verið brotið blað í fjölmiðlun á Íslandi, þar sem fólk með þroskahömlun vann beggja megin myndavélarinnar.“ - jma



5.–8. desember 2011

# Almennt hlutafjárútbodð hefst í dag

Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka hf., hyggst selja þegar útgefna hluti í Högum hf. með almennu útbodði.

Markmiðið er að útbodðið geri Högum hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár og marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Högum, en þá er bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu, og jafnframt er markmið seljandans að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.



**Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hefur umsjón með almenna útbodðinu.**

Stærð útbodðsins nemur 20% af útgefnum hlutum, eða 243.517.168 hlutum, en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útbodðið í allt að 30% af útgefnum hlutum eða samtals í allt að 365.275.752 hluti. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 11–13,5 krónur á hlut og mun eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útbodðsgengi til allra kaupenda í útbodðinu, en það mun verða á framangreindu verðbili. Andvirði útbodðsins getur þannig numið á bilinu 2,7–4,9 milljörðum króna.

**Peir sem vilja fjárfesta fyrir 100 þúsund krónur til 25 milljónir króna** eru beðnir að skila áskrift sinni rafrænt á vef Arion banka, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

**Peir sem vilja fjárfesta fyrir 25-500 milljónir króna** eru beðnir að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf eða hlutabréfamíðlun fjárfestingabankasviðs Arion og skila áskrift sinni á sérstöku formi sem nálgast má hjá þessum söluaðilum.

Útbodðið er til aðila (einstaklinga og lögaðila) með íslenska kenntölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir. Það þýðir m.a. að einstaklingum undir 18 ára aldri er ekki heimilud þátttaka í útbodðinu.

**Úthlutun:** Komi til þess að eftirspurn í útbodðinu verði meiri en sem nemur stærð útbodðsins, þá verða annarsvegar áskriftir að andvirði 0,5–25 milljónum króna skertar um allt að 50%, en lægstu áskriftir látnar halda sér, og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark netáskrifta lækkað frekar með flötum niðurskurði og hinsvegar verða áskriftir yfir 25 milljónum króna skertar samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda sem taka mun mið af framangreindum markmiðum útbodðsins.

**Áskriftartímabil** stendur frá mánudeginum 5. desember 2011 klukkan 10.00 til fimmtudagsins 8. desember 2011 klukkan 16.00.

Eindagi kaupverðs: 14. desember 2011

Stefnt er að því að 15. desember 2011 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti Haga hf. í Kauphöllinni.

**Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útbodðinu er bindandi.**

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Haga og skilmála útbodðsins sem er að finna í lýsingu Haga dagsettri 26. nóvember 2011 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti í lýsingunni.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á [www.hagar.is](http://www.hagar.is) og [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum Haga að Hagasmára 1 í Kópavogi og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.





**HEIMSMET** Sjálfbóðaliði tekur þátt í að raða smámynt í tilraun til að slá heimsmet með því að raða peningum í sem lengsta óbrotna línu í Manila á Filippseyjum.

NORDICPHOTOS/AFP

Matvælastofnun fylgist náið með fóðurframleiðslu innan þynningarsvæðis eiturefna á Grundartanga:

## Aldrei mælst eiturefni í fóðri frá Líflandi

**UMHVERFISMÁL** Matvælastofnun (MAST) segir að „seint verði unnt að segja“ það æskilegt að fóðurframleiðsla sé innan þynningarsvæðis mengandi starfsemi, í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um starfsemi Líflands á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

Hins vegar segir í svarinu að niðurstöður úr mælingum sem gerðar hafa verið á óæskilegum efnum í fóðri hjá fyrirtækinu á Grundartanga hafi ekki gefið neina vísbendingu um að fóðrið hafi mengast á staðnum.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að Umhverfisstofnunin í Hvalfirði (UH) gerði alvarlegar athugasemdir við rekstur Líflands í ályktun fyrsta aðalfundar félagsins.

UH sendi Matvælastofnun erindi vegna málsins og er það til umfjöllunar hjá stofnuninni.

Matvælastofnun annast eftirlit með fóðri en Umhverfisstofnun sér um mengunarsvæðis eftirlit. Matvælastofnun hefur meðal annars tekið sýni af fóðri hjá Líflandi og mælt í því flúor, dioxín, kadmíum, sveppaeitur og salmonellu. Niðurstöður úr öllum sýnunum voru í lagi.

Í svari MAST kemur fram að stofnunin muni áfram fylgjast með framleiðslunni hvað þetta varðar og hefur jafnframt bent fyrirtækinu á að það þurfi að vakta það að fóðrið mengist ekki.

- shá



**IÐNAÐARSVÆÐIÐ Á GRUNDARTANGA** Fóðri er dælt beint frá skipi í geymslur og kemst lítt í snertingu við útblástur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-

## Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-



SUNNY TIRES



Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is



**ÞORSKELDI** Meðal þess sem hefur notið styrkja úr AVS-sjóðnum er fiskeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aðferð Norðmanna yki fé um milljarða

Mun meiru er veitt til rannsókna og þróunar í norskum sjávarútvegi en á Íslandi. Ef sömu aðferð yrði beitt hér myndu sjóðir hafa 2,3 milljarða úr að móða, en AVS-sjóðurinn fékk 306 milljónir í fyrra.

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslendingar standa Norðmönnum langt að baki þegar kemur að fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna í sjávarútvegi. Væri aðferðafræði Norðmanna fylgt myndi fé til rannsókna og þróunar aukast um tvo milljarða á ári.

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matis, varpaði fram þeirri spurningu á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva nýlega hvort líta bæri til Norðmanna varðandi rannsóknir og þróun, og hvort efla mætti íslenskan sjávarútveg með því að taka upp aðferðafræði þeirra við fjármögnun.

Sveinn segir að virðisdeyja sjávarútvegs, útvegur og vinnsla, standi undir sjóðum til sjávarútvegstengdra rannsókna og þróunar í Noregi, auk almennra rannsóknasjóða. Þannig leggja Norðmenn gjöld á útflutningsverðmæti sjávarafurða sem nemur 1,05 prósentum af heildinni og skilar 11,4 milljörðum íslenskra króna. Sambærileg gjaldtaka á Íslandi myndi skila 2,3 milljörðum, en útflutningsverðmæti sjávarafurða hér á landi var 220 milljarðar árið 2010.

Sveinn segir það ekki óeðlilegt í sínum huga, í ljósi mikilvægis sjávarútvegs á Íslandi, að greinin hefði sem öflugust tæki til þróunar. „Ísland stendur höllum fæti í samburði við Norðmenn hvað þetta varðar, og reyndar á þetta við um fleiri lönd. Samanburðurinn er hins vegar mjög raunhæfur við Norðmenn, þar sem við erum utan við ESB og

sjávarútvegur skiptir miklu máli í báðum löndum.“

Árið 2010 hafði AVS, rannsóknasjóður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, úr 306 milljónum að móða, en sjóðurinn er fjármagnaður á fjárlögum hvers árs. Sveinn segir ofmælt að segja að útgerðin fjármagni sjóðina í Noregi en almannafé sé nýtt hér. Utgerð og vinnsla greiði sitt til samfélagsins sem nýtist í gegnum sjóðina.

Sjóði Norðmanna, FHF-sjóðnum, er stjórnað af mönnum sem sjávarútvegur og fiskeldi skipa til verksins, enda stofn-

aður að frumkvæði greinarinnar. Ráðherra skipar stjórn AVS og ber faglega ábyrgð hérlendis.

Norðmenn reka Utflutningsráð fyrir sjávarafurðir (Eksportudvalget), sem hefur starfsemi í tólf löndum. Hlutverkið er að greina stöðu norskra afurða á mörkuðum, safna upplýsingum um tækifæri og efla kynningu.

„Við höfum í raun ekkert sambærilegt. Eftir að sölusamtökin breyttu um hlutverk er enginn íslenskur aðili sambærilegur. Margir sterkir aðilar eru að markaðssetja fisk og sjávarafurðir en það er minni heildarsýn yfir markaðsmál greinarinnar hérlendis en í Noregi,“ segir Sveinn.

svavar@frettabladid.is

# GEFÐU GEIT



## GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

[www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is)

Hjálparstarf kirkjunnar



# WHAT HI-FI?

## SOUND AND VISION

# AWARDS 2011



Hið virta tímarit What Hi-Fi veitti sín árlegu verðlaun fyrir bestu tæki ársins 2011 fyrir skemmstu.

**Panasonic gerði sér lítið fyrir og vann til fjölda verðlauna.**

**Besta sjónvarpið yfir 52" - Panasonic TXP55VT30**

"Seriously good in so many ways, the VT30 has set the benchmark at this screen size."

**Besta 50-52" sjónvarpið - Panasonic TXP50GT30 Smart Viera**

"Everything about the television is impressive, from the ease with which to set it up to the amazing picture quality, the whole package screams quality."

**Besta 46-47" Sjónvarpið - Panasonic TXP46GT30 Smart Viera**

"This versatile 46in plasma is our favourite TV at this screen size - a worthy Award winner."

**Besta hágæða 40-42" sjónvarpið - Panasonic TXP42GT30 Smart Viera**

"You won't find a TV more deserving of a Product of a Year than this"



**Panasonic**  
ideas for life

**Besti Blu-ray spilarinn - Panasonic DMPBDT210**

"The jewel in Panasonic's crown is undoubtedly the DMP-BDT210. No other player at this money can match it."

**Besta Heimabíóið - Panasonic SCBTT370**

"Panasonic has produced yet another highly polished all-in-one system."



# Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Snerpa Ísafirði. NORDURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húrnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kaupún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosswaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



Launamunur kynjanna og reiknikúnstir:

## Mikilvæg spurning gleymist

Úttektir á launum kynjanna sýna undantekningarlítið fram á talsvert launabil milli karla og kvenna, oft svo nemur tugum prósentu þegar eingöngu er horft á heildarlaunin. Þeir sem einblína á þennan „óleiðrétt“ launamunur eru oftast skammaðir og þeim bent á að horfa þurfi til þess að konur séu oftast í hlutastarfi en karlar og þær vinna síður yfirvinnu. Þegar þetta tvennt hefur verið tekið út úr dæminu og eingöngu eru borin saman laun á vinnustund er launamunurinn vissulega talsvert minni.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Þá er enn eftir að leiðrétta fyrir fleiri þáttum. Karlar hafa til dæmis iðulega lengri starfsaldur, meiri menntun, eru hærra settir í fyrirtækjum og bera meiri fjárhagslega ábyrgð. Þegar allt þetta hefur verið tekið með í reikninginn er „óútskýrði“ launamunurinn, það er munur sem ekki verður útskýrður með öðru en kynferði, oft bara orðinn fáein prósent.

Þegar aðeins er horft á leiðréttu launamuninn er þó að sumu leyti verið að koma sér hjá því að svara mikilvægri spurningunni, sem ætti með réttu að æpa á fólk: Hvers vegna eru konur iðulega með skemmri starfsaldur, minni menntun, hafa síður mannaforráð og bera minni fjárhagslega ábyrgð í fyrirtækjum en karlar?

Í nýrri skýrslu starfshóps borgarstjórnar Reykjavíkur um launamun kynjanna hjá borginni er sjónum réttilega beint að óleiðréttu launamuninum og hann sagður „afleiðing af aðstöðumun og mismunum milli kynja, þ.e. konur eiga oft styttri starfsaldur að baki þar sem þær taka frekar á sínar herðar ábyrgð á barnauppleidi m.a. vegna ríkjandi launamunar kynjanna“.

Þarna stendur hnífurinn í kúnni og hefur gert lengi. Karlar og konur eru föst í víthring sem er ágætlega lýst í skýrslunni: „Á meðan konur eru með lakari kjör en karlar þá er líklegra að starf karlmannsins verði látið ganga fyrir t.d. þegar sinna þarf veiku barni eða öldruðum foreldrum sem viðheldur áframhaldandi launamun kynjanna og ríkjandi viðhorfum til kvenna á vinnumarkaði.“

Svo lengi sem karlar taka ekki þátt í heimilisstörfum og barnauppleidi til jafns við konur leiðir það jafnframt af sér ójafnvægi milli kynjanna á vinnumarkaðnum. Það þarf að vinna gegn misréttinu á báðum vígstöðvum.

Starfshópur borgarinnar leggur fram margar tillögur um hvernig megi eyða launamuninum, sem liggur fyrst og fremst í aksturs- og yfirvinnugreiðslum. Ein sú áhugaverðasta er að reyna að skapa fjölskylduvænan vinnustað, þar sem yfirvinnu sé haldið í lágmarki. Starfshópurinn bendir á að konur afkasti líklega meiru en karlar, þar sem þær nái fremur að ljúka verkefnum sínum á dagvinnutíma og þurfi ekki að vinna yfirvinnu.

Kynferðið sem slíkt skýrir varla þennan mun. Líklega útskýrist hann frekar af þeirri ábyrgð og verkefnum sem bíða heima fyrir. Sá sem þarf að sækja krakkana í leikskólann, kaupa inn og elda drifur verkefni frekar af en sá sem ekki ber þá ábyrgð. Styttingu vinnuvikunnar þarf því að fylgja hvatning til karlanna að axla ábyrgð á fjölskyldulífinu til jafns við konur.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Original Arctic Root

20% afsláttur\*

í Lyfjum & heilsu

- eflir einbeitingu, úthald og þrek
- vinnur gegn streitu og álagi
- talin hjálpa gegn depurð og þrófkviða



Náttúrulegur orkugjafi

\*gildir frá 1. - 15. desember

Lyf & heilsa  
við hlustum!

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Kæra á leiðinni?

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er yfirmaður dómsmála á Íslandi. Hann tjáði sig við Ríkisútvarpið á laugardag og sagði að svo virtist sem að í Magma-málinu hefðu þau vinnubrögð verið viðhöfð að mönnum hefði verið leiðbeint framhjá íslenskum lögum. Þetta eru stór orð og alvarleg ásökun. Að hvetja til lögbrotu er ólöglegt og því nauðsynlegt að það mál verði rannsakað til hlítar. Því hlýtur að vera von á ákæru í málinu, í það minnsta rannsóknarbeiðni. Varla er ráðherra að henda fram jafn alvarlegri ásökun án þess að meina neitt með henni, kannski í pólitískum tilgangi?

#### Þjórásín góða

Brynja Halldórsdóttir, fyrrverandi formaður Ungra vinstri grænna í Reykjavík, sagði sig úr flokknum í gær. Það er hið besta mál, flokkakerfið á að vera þannig að fólk yfirgefi flokka sem það á ekki lengur samleið með. Ein af ástæðum úrsagnarinnar er „ákvarðanir sem tengjast virkjun Þjórásar“ og veldur það nokkrum vangaveltum. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um virkjun Þjórásar síðan umhverfismat Búðarhálsvirkjunar var samþykkt 2001, þó að áin sé á nýtingarlista í ramma-áætlun. Um það á eftir að takast, meðal

annars innan flokksins sem Brynja nú er gengin úr.

#### Vísindamaðurinn

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, sagði sig líka úr Lögfræðingafélaginu um helgina. Tílefnið var fundur um stjórnarskrárlögur stjórnlagaráðs, en Gísli þótti of einhliða umfjöllun um þær. Gísli bendir á að eitt af hlutverkum félagsins sé að stuðla að vísindalegri umræðu en telur fundinn brjóta í bága við það hlutverk. Verst að Gísli sjálfan má saka um að gefa aðeins eftir í strangleika vísindanna, hann mætti nefnilega ekki á fundinn hver varð tílefni úrsagnarinnar.

kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Jól í skugga sorgar

### Sorg



Halldór Reynisson  
Formaður Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð

Aðventan og jólin er tíminn þegar öllum á að líða vel – eða svo teljum við. Og víst er þetta yndislegur tími þegar vel gengur. Um hver jól eru þó margir sem eiga erfitt með að gleðjast og fagna.

Nýlega var sagt frá því í fréttum að þeir sem minnst hafa kvíða helst jólinum. Erfiðast er þó hlutskipti þeirra sem hafa misst náninn ástvin, þegar einn stóllinn við hátíðarborðið er auður. Fyrir þau sem syrgja eru jólin oft erfiðasti tími ársins, tíminn þegar við eigum að vera glöð en höfum ekki ástæðu til. Þegar hann eða hún er horfinn sem var hluti af jólagleðinni verður þessi tími gjarnan tími sársauka. Fyrir syrgjandann er meira að segja jólakveðjan „gleðileg jól“ gjarnan erfið. Jólin eru sjaldnast gleðileg í sorgarhúsi.

Hvað er til ráða? Fjölskyldur í sorg þurfa að ræða um það fyrir fram hvernig halda skuli hátíðina. Á að halda hefðunum óbreyttum eða

á að breyta þeim? Hvernig á að bregðast við þegar fólk óskar gleðilegra jóla?

Gott ráð er að gera aðeins það sem maður treystir sér til eða hefur gaman af – ekki það sem „ætti“ að gera. Það má sleppa jólakortunum og skreytingunum. Fyrir syrgjanda er líka eðlilegt að vera sorgmæddur um jól – og það er líka í lagi að gleðjast – það er engin óvirðing við minningu hins látna. Umfram annað er mikilvægt að vera góður við sjálfan sig; búast ekki við of miklu, hlusta á tilfinningar sínar, eiga hlustandi eyra eða öxl til að halla sér að. Hvíla sig. Þiggja hjálp annarra. Hugleidda boðskap jólaanna um von.

Fyrir þau hin sem tengjast syrgjendum: „Ekki tjaldar sorgin til einnar nætur“ segir Hannes Pétursson skáld í einu ljóða sinna. Sorgarúrvinnslan tekur yfirleitt lengri tíma en við áttum okkur á, sérstaklega við erfiðan, ótímabæran eða snöggan missi. áttum okkur á, sérstaklega við erfiðan, ótímabæran eða snöggan missi. Verum styðjandi fyrir þau sem hafa misst – verum náungi þeim sem búa við sorg.



# Banntrúarmenn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Í Sunnudagsblaði Moggans var ífrásögn eftir Börk Gunnars-son blaðamann þar sem segir frá framgöngu nokkurra Vantrúarmanna gagnvart stundakennara við guðfræðideild Háskóla Íslands, Bjarna Randveri Sigurvinsynni.

Þessi félagsskapur hefur vakið athygli fyrir opináka andúð á kristinni kirkju og kristinni kenningu og þótti sumum skemmtilegt þegar maður á þeirra vegum kom sér fyrir í miðjum prestahópi í búningi fígúru úr Stjórnustríðsmyndun-um, Svarthöfða. Margt í skrifum þessara manna um presta og þjóðkirkjuna er fullt af hatri og heift og manni verður eiginlega ekki um sel að lesa sumt af því sem Börkur rekur af bloggi og spjallsíðum þessara manna.

## Rétrúnaðurinn

Félagið líkist heittrúarflokki: óþolið gagnvart þeim sem aðhyllast aðrar hugmyndir virðist algert; löngunin til að niðurlægja þá sem ekki hugsa eins og vanvirða það sem öðrum er heilagt; þörfin fyrir að breiða sem víðast út hugmyndir hópsins svo að allir sjái ljósið; þörfin fyrir að vera sífellt að tala saman til að þetta raðir sínar og stappa í sig stálinu – og efast aldrei.

Hér á landi var kirkjan svo sterk um aldir að nánast er hægt að tala um nokkurs konar trúræði, teókratíu. Prestar voru andlegir leiðtogar um allt land, komu á hvert heimili og litu eftir því að allir væru læsir – og hvað fólkið læsi. Þegar maður les lýsingar manna á borð við Þórberg Þórðarson á þeim kristindómi sem iðkaður var af alþýðufólki hér á landi fram á tuttugustu öld skynjar maður að þetta hugmyndakerfi hefur verið áþjálmt leitandi sálum.

Þannig er það með allan rétttrúnað, alla hugmyndafræði sem öllum er stöf að júst undir, hversu sem hún kann að samrýmast heimsmynd og reynslu að öðru leyti.

Er kirkjan slíkt andlegt vald nú á dögum? Er boðskapur hennar jafn íþyngjandi? Því fer fjarri. Hún býður upp á samtal. En þá verður að tala við hana – ekki bara standa og öskra.

## Akademískt frelsi

Meðal þeirra stofnana sem helst eru til þess fallnar að efla með fólki frjálsa hugsun eru háskólarnir. Þar innan veggja ræðir fólk hugmyndir og tileinkar sér þankagang sem jafnvel kann að virðast ankannalegur; þar skipar fólk hugmyndum sínum í margvísleg kerfi, skoðar heiminn undir ljósi ólíkra hugmynda, rökræðir – leitar. Þar er sannleikurinn fyrirheitna landið en ekki upphafsstaðurinn. Þar talar fólk saman, skrifar og rannsakar, eftir tilteknum hefðum sem ná langt aftur í aldir, og maður hefði

raunar haldið að Vantrúarmenn með alla sína vísindahyggju vildu hafa í heiðri. Í háskóla þarf að ríka frelsi og frjálst andrúmsloft. Þar þurfa kennarar í bókmenntafræði að geta sagt eitthvað – eða jafnvel ekki neitt – um bækurnar mínar án þess að eiga á hættu að ég komi klagandi. En þá er jafnframt grundvallaratriði að leitast sé við af fremsta megni að vanda valið á kennurum þar og að það fari fram eftir skýrum reglum

fregnir af því að Bjarni Randver hefði fjallað um starfsemi hans og annarra félaga. Þeir sáu þá gullíð tækifæri til að gera guðfræðideild HÍ og þessum kennara alveg sérstaklega lífið leitt, sem svo sannarlega hefur tekist: Bjarni Randver situr nú uppi með mikinn lögfræðikostnað og mikla armæðu við að verjast atilögum hinna kátu félaga í Vantrú, sem samkvæmt grein Barkar virðast hafa skipulagt látlauasár ársísir á Bjarna til að

ömurlegt þegar hópur manna hefur samráð um að ráðast að einum einstaklingi.

Vantrúarmenn krefjast af miklum tilfinningahita þess réttar síns að fá að trú ekki á guð – þó að þess hafi ekki orðið vart að nokkur hafi bannað þeim það. Þeir hafa kannski ekki mætt þeirri mótstöðu sem þeir höfðu ef til vill vænst af hinni mildu og ögn syfjulegu þjóðkirkju sem komin er langan veg frá þeirri andlegu alræðisstofnun sem

Meðal þeirra stofnana sem helst eru til þess fallnar að efla með fólki frjálsa hugsun eru háskólarnir. Þar innan veggja ræðir fólk hugmyndir og tileinkar sér þankagang sem jafnvel kann að virðast ankannalegur; þar skipar fólk hugmyndum sínum í margvísleg kerfi, skoðar heiminn undir ljósi ólíkra hugmynda, rökræðir – leitar. Þar er sannleikurinn fyrirheitna landið en ekki upphafsstaðurinn.

við að meta hæfi þeirra. Til þess verðum við að treysta háskólunum.


Sem sagt. Það á að þurfa mikið til að grípa fram fyrir hendurnar á kennara og veita honum áminningu. Þegar kennari í guðfræðideild vísar að félagsskapnum Vantrú í tímum í guðfræði er hann væntanlega að skoða þennan félagsskap í tilteknu samhengi sinna fræða, á tiltekinn akademískan hátt eins og honum er bæði frjálst og skylt að gera í þessu umhverfi. Félagsskapurinn Vantrú hafði

hrekja hann úr starfi fyrir þær sakir að hafa ekki farið þeim orðum um félagsskapinn sem félagsmenn töldu tilhlýðilegt. Ekki er að sjá að Siðanefnd hafi gætt þess að Bjarni fengi sanngjarna málsmeðferð og það er ekki fyrr en Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræði, gengur í málið vegna þess að honum ofbýður málalíbúnaðurinn, að Bjarni fær stuðning innan veggja HÍ.

Það er alltaf hættulegt þegar hugmyndabaráttan fer yfir á svið lögfræðinnar. Það er alltaf

hún eitt sinn var. Í máli Bjarna Randvers virðast þeir Vantrúarmenn hafa teygst sig of langt í eftirsókn sinni eftir píslarvætti. Vopnin hafa snúist í höndum þeirra. Vantrúarmenn eru allt í einu orðnir Banntrúarmenn. Hitt er verra, að með kærnu sinni, sem byggir á túlkun þeirra á glærum sem þeir komust yfir, vega þeir að akademísku frelsi fræðimanna við HÍ og leitast við að stjórna umfjöllun um sig sem þar kann að fara fram. Furðulegt er að Háskóli Íslands hafi ekki varist þessari atilögu af meiri krafti.

# 2011 Sölin



**1 Gigaset AS180**  
Langur taltími, mikil hljómgæði.  
Jólaverð: **5.930 kr. stgr.**

**2 Palma gólfampar**  
AN19901-90 (stál)  
AN19901-30 (antík)  
Vandaðir gólfampar.  
Lesljós og uppljós.  
Jólaverð: **14.900 kr. stgr.**


**3 Þvottavél WM 14E262DN**  
Tekur mest 6 kg, vindur upp í 1400 sn./mín.  
Jólaverð: **119.900 kr. stgr.**

**4 Uppþvottavél SE45E234SK**  
Með fimm kerfum. Mjög hljóðlát og vinnusöm.  
Jólaverð: **99.900 kr. stgr.**

**5 Ryksuga VS 59E20**  
Létt og lipur. 2200 W.  
Jólaverð: **19.900 kr. stgr.**

**6 Baðvog AD81155**  
Stafræn baðvog með nákvæmni upp á 100 g.  
Jólaverð: **2.900 kr. stgr.**

**7 Töfrasproti MSM 7500**  
Kraftmikill, 600 W. Fylgihlutir: Skál með loki og stór hakkari.  
Jólaverð: **13.900 kr. stgr.**



Heimilistæki, ljós og símar í miklu úrvali.

Komdu í heimsókn til okkar á aðventunni og gerðu góð kaup.

Fjöldi tækja á sérstöku jólaverði.

Sjón er sögu ríkari.

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is



## RÝMINGARSALA



40%  
afsláttur

Snjókeðjur fyrir vörubíla  
og vinnuvélar

Vesturhraun 3 • 210 Garðabær • Sími: 480 0000



# Verja stjórnvöld kjör lífeyrisþega?

## Velferðarmál

**Sigríður Hanna Ingólfssdóttir**  
Félagsráðgjafi  
Öryrkjabandalagsins

**Guðríður Ólafsdóttir**  
Félagsmálafulltrúi  
Öryrkjabandalagsins

Í umfjöllun um hækkanir bóta almennatrygginga með fjárlögum 2012 hefur því verið haldið fram að stjórnvöld hafi varið lægstu kjör lífeyrisþega með hækkanum á framfærsluviðmiði almennatrygginga. En hvað er átt við með framfærsluviðmiði? Hversu stór hluti örorkulífeyrisþega hefur notið góðs af þessum hækkanum? eru hækkanir síðustu ára á greiðslum almennatrygginga í samræmi við ákvæði um árlegar breytingar í lögum um almennatryggingar? Í 69. gr. laganna segir að bætur almennatrygginga skuli breytast árlega og taka mið af launþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

## Framfærsluviðmið og sérstök framfærsluþbót

Í september 2008 var sérstök uppbot til framfærslu innleidd, sem var ætlað að tryggja lífeyrisþegum ákveðna lágmarksframfærslu á mánuði. Ef allar skattskyldar tekjur lífeyrisþega, að meðtöldum tekjum frá TR, eru undir framfærsluviðmiði fær lífeyrisþegi mismuninn greiddan sem sérstaka uppbot til framfærslu. Hugsunin með uppbotinni, að tryggja lífeyrisþegum ákveðna lágmarksframfærslu á mánuði, er jákvæð. Hins vegar er uppbotin útfærð á þann hátt að allar staðgreiðsluskýldar greiðslur skerða hana, krónu á móti krónu. Eftir mikla gagnrýni ÖBÍ eru nokkrir bótaflokkar, sem greiddir eru til að mæta umframkostnaði vegna fötlunar eða sjúkdóma, undanskildir því að skerða sérstöku framfærsluuppbotina frá árinu 2011. Allt árið 2010 og fram til júní 2011 voru einu hækkanir á bótum

## Fjöldi öryrkja með sérstaka framfærsluuppbot á árunum 2009-2011

	2009		2010		2011	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Öryrkjar með greiðslur frá TR	14.507		14.714		15.178	
Öryrkjar með sérstaka framfærsluuppbot	3.759	25,91%	3.626	24,64%	4.689	29,83%
Öryrkjar með óskerta framfærsluuppbot	2.363	16,34%	328	2,22%	273	1,80%

almennatrygginga hækkan sérstakrar framfærsluuppbotar um 2,5% í byrjun árs 2011.

Fjöldatölur frá 2009 og 2010 eru úr staðtölum TR og miðast við desember ár hvert. Tölur um fjölda öryrkja með óskerta framfærsluuppbot eru frá TR og miðast við september ár hvert og er hlutfallið einnig reiknað út miðað við heildarfjölda öryrkja á sama tíma.

Fjöldatölur fyrir 2011 eru einnig frá TR og miðast allar við september 2011.

Eins og sjá má á töflunni hér að ofan fær minna en þriðjungur öryrkja greidda sérstaka framfærsluuppbot. Hækkanir sérstakrar framfærsluuppbotar skila sér því ekki til rúmlega 70% örorkulífeyrisþega. Mjög lítil hópur, í kringum 2%, fær greidda óskerta/fulla framfærsluuppbot. Þó var talan fyrir árið 2009 mun hærri, eða 16%. Sérstök framfærsluuppbot er ekki greidd úr landi og því skila hækkanir hennar sér ekki til lífeyrisþega sem búsettir eru erlendis.

Hækkanir stjórnvalda síðustu ár hafa því aðeins náð til lítils hóps öryrkja, með þeirri undantekningu að bætur almennt voru hækkaðar um 8,1% frá 1. júní 2011 (4,73% hækkan á ársgrundvelli) og um 9,6% í janúar 2009. Þess má geta að bætur almennatrygginga almennt hefðu þurft að hækka um 19,9% í janúar 2009 til að mæta vísitöluhækkanum, en aðeins framfærsluuppbotin var hækkuð um þá tölu. Við bætist frýsting allra bóta almennatrygginga allt árið 2010.

## Samspil sérstakrar framfærsluuppbotar við aðrar tekjur/greiðslur

Meðal tekna sem skerða sérstaka uppbot til framfærslu eru mæðra-/feðralaun, sem eru greiðslur til einstæðra foreldra með tvö börn eða fleiri. Mæðra-/feðralaun skerða sérstöku framfærsluuppbotina krónu á móti krónu og eru einstæðir foreldrar, sem einnig eru öryrkjar, með sömu heildar tekjur og barnlausir öryrkjar. Stuðningur vegna barna verður því að engu.

## Galdurinn við framfærsluuppbotina

Lágar bætur almennatrygginga og reglur um sérstaka framfærsluuppbot hafa það í för með sér að bótaþegar sem fá uppbotina eru í raun fastir í fátæktargildru þrátt fyrir að hafa burði til að afla sér tekna að einhverju marki og reyna að vega þannig upp á móti lágum bótum. Fjárhagslegur stuðningur eða viðbótartekjur skerða eða eyða út framfærsluuppbotinni og bótaþegi er í sömu sporum fjárhagslega og án þeirra. Aukin réttindi bótaþega til að afla sér tekna eða nýta sér fjárhagsstuðning til viðbótartekjur við bætur almennatrygginga, án þess að þær skerði bætur þeirra, myndu auka virkni og bæta lífsskilyrði þeirra.

Þrátt fyrir að framfærsluuppbotin hafi hækkað hlutfallslega meira en aðrar greiðslur almennatrygginga hafa hækkanir örorkulífeyrisgreiðslna ekki verið í samræmi við 69. gr. laga um almennatryggingar, ef undan eru skilin hækkanir á sérstakri framfærsluuppbot á árinu 2009 og 2011, sem mjög lítil hluti öryrkja fær greidda.

## KÆRLEIKSKÚLAN

SÖLUTÍMABIL  
5.-19. DESEMBER

Með kaupum á Kærleikskúlnunni styður þú starf í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

... fyrir Ísland með ástarkveðju

Gættu þess



Casa - Krínglunni og Skeifunni | Epal - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð | Kokka - Laugavegi  
Kraum - Aðalstraeti og Garðatorgi | Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu | Lif og list - Smáralind  
Hafnarborg - Hafnarfirði | Móðern - Hlíðarsmára | Þjóðminjasafnið - Suðurgötu  
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki | Póley - Vestmannaeyjum | Valrós - Akureyri  
Bláa Lónið - Grindavík | Pósturinn um allt land | netverslun [www.karleikskulan.is](http://www.karleikskulan.is)

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villlausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegri er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagsamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## ARÐRÁN EÐA

ÞRIÐJUDAGINN 6. DESEMBER KL 8.15 - GRAND HÓTEL REYKJAVÍK  
BEIN ERLEND FJÁRFESTING OG ÁHRIF Á ENDURREISN



## ÁVINNINGUR?

Aðgangseyrir er 2.900 kr. með morgunverði  
sem hefst kl. 8.00 - Skráning á [www.vi.is](http://www.vi.is)

**Katrín Júlíusdóttir**, iðnaðarráðherra

Setning fundar

**Carlos Bronzatto**, framkvæmdastjóri WAIPA

Þýðing beinnar erlendra fjárfestingar fyrir lítill og opin hagkerfi á borð við Ísland

**Aðalsteinn Leifsson**, lektor við viðskiptadeild HR

Æðakollur eða ránfuglar? - Tillögur starfshóps um stefnu stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu á Íslandi

**Stefanía Karlsdóttir**, framkvæmdastjóri Matorku

Grænn vöxtur - erlendir fjárfestar

**Gunnar Ármannsson**, framkvæmdastjóri PrimaCare

Er Ísland eyland: Í augum íslenskra stjórnmalamanna? Í augum erlendra fjárfesta?

**Kristín Pétursdóttir**, forstjóri Auðar Capital

Fundarstjóri







Tindur dúnúlpá er sérlega vönduð og glæsileg 85 ára afmælisútgáfa 66°NORÐUR. Ermi úlpunnar prýðir gamla merki Sjóklæðagerðarinnar. Tindur er úr slitsterku efni, fyllt með 90% gæsadún og er einstaklega hlý og þægileg. Þessi afmælisútgáfa er aðeins framleidd í takmörkuðu upplagi.

» [magazine.66north.is](http://magazine.66north.is)

### Emil

Tindur dúnúlpá  
54.800 kr.

Vatnajökull softshell jakki  
42.000 kr.

Öskjuhlíð strokkur  
7.500 kr.

Glymur softshell buxur  
34.000 kr.

La Sportiva Nepal EVO gönguskór  
75.000 kr.



# Lánsveðshópur situr eftir með sárt ennið

## Fjármál

**Pórarinn Heiðar Harðarson**

B.Sc. í rafmagns- og tölvuverkfræði



eða 152% sé notast við fasteignamat ríkisins. Þessi einstaklingur sótti því um lækkun skulda hjá Íbúðalánasjóði í sumar, eins og boðið var upp á. Niðurstaðan olli hins vegar gríðarlegum vonbrigðum.

Í afgreiðslu á umsókninni notaðist Íbúðarlánasjóður við eftirfarandi tölur: Eignir umfram tvöföld mánaðarlaun:

17,6 m.kr. húseign skv. verðmati

0,6 m.kr. bíll

0,7 m.kr. sparnaður

Samtals 18,9 m.kr.

Skuldir:

22 m.kr. lán hjá Íbúðalánasjóði.

Eftir útreikninga Íbúðalánasjóðs þar sem tvöföld mánaðarlaun voru dregin frá eignum varð niðurstaðan: Skuldir eru 116% af eignum, og þar af leiðandi einhver niðurfelling í boði.

En bóðið við, skuldir sem hlutfall af eignum voru 152%. Hvert fóru hin 36 prósentin? Svarið er sláandi: Lífeyrissjóðslánið var hvorki reiknað inn í 110% leiðina, né metið sem skuld á móti eignum. Það er engu líkara en að í augum Íbúðalánasjóðs sé þetta lán ekki til.

## Raunveruleg staða og útreikningar Íbúðalánasjóðs

Raunveruleg staða		Útreikningar Íbúðalánasjóðs	
Fasteignamat á húseign	15.800.000	Verðmat	17.600.000
Bíll	600.000	Bíll	600.000
Bankabók að frádregnum			
mánaðarlaunum 2x	700.000	Lán hjá ÍBL	700.000
Lán hjá ÍBL	22.000.000	Lán hjá LSJ	22.000.000
Lán hjá LSJ	4.000.000	Lán hjá LSJ	4.000.000
Samtals:	17.100.000	Samtals:	18.900.000
	26.000.000		22.000.000
Skuldir sem hlutfall af eignum:	152%	Skuldir sem hlutfall af eignum:	116%

Íbúðalánasjóður notast nefnilega við eftirfarandi forsendur við útreikningana:

1. Lán með lánsveði eru ekki tekin með.
2. Notast er við verðmat fasteignasala í stað fasteignamats ríkisins til að áætla verðmæti íbúðar.
3. Aðfararhæfar eignir umfram tvöföld mánaðarlaun eru teknar inn í útreikningana, en lán með lánsveði reiknast samt sem áður ekki sem skuld á móti eignum.

### Einungis hagur lánveitanda?

Var 110% leiðin ekki samin til þess að koma til móts við þá sem keyptu sér íbúð rétt fyrir hrun? Eða er það einungis lánveitanda í hag að fara 110% leiðina? Ef skuldin er umfram 110% af verðmæti eignarinnar, þá er lítil von

um að innheimta hana og eins gott fyrir lánardrottna að leiðrétt. En þeir sem eru í nákvæmlega sömu stöðu, en voru svo óheppnir að hafa ekki veðsett sjálfa íbúðina fyrir öllum lánunum, fá miklu minni niðurfellingu.

Einstaklingur er refsað fyrir eftirfarandi:

1. Að hafa aðgang að góðu veði í foreldrahúsum.
  2. Að sýna aðhaldssemi og reyna að byggja upp sparnað.
  3. Að eiga óýran og viðráðanlegan bíl, í stað þess að vera með lúxusbíl á lánnum.
  4. Að hafa átt viðskipti við Íbúðalánasjóð og Lífeyrissjóði, í stað þess að hafa samið við banka.
- Ég spyr þig lesandi góður, finnst þér þetta réttlátt?

# Sendum gleði

Það er hugurinn sem skiptir máli.

**JÓLIN** Á hverju ári flytjum við jólagjafir á milli ættingja og vina frá öllum landshornum og dreifikerfi Póstsins iðar af lífi þegar gjafirnar fara að láta sjá sig á pósthúsum landsins. Pósturinn kemur þeim heim að dyrum viðtakanda, sem er einmitt einu skrefi frá jólatrénu.

Það skiptir engu málið hvað gjöfin er stór, Pósturinn kemur henni til skila. Það stoppar þig því ekkert ef þú vilt gefa afa þínum á Drangnesi þvottavél og ömmu þinni flatskiá.



Bæði fyrir iPhone og Android

## Sniðugt app

## Póstinum

guleika Pósturinn hefur látið smíða fyrir sig efna að fyrsta pósti-appið á Íslandi. Í þessu pósthúsi stöðjujúga símaforriti er hægt að setja upp best með sendingum, finna og póstkassa á korti og

og póstkassa á korti og jólin. nilega sem fá og rínn atíð fyrir fyrsta eðan di. Á enda orriti að ast eð gu og íg su að ma og in. ga m

nefna að notendur ra upplýsingar um pósthús og póstkassa út frá eigin staðsetningu á korti.

Pósti-appið er í stöðugri þróun og það má fastlega búast við því að á næstu mánuðum muni bæstast við fleiri gagnlegir notkunarmöguleikar.

Af nógu er að taka í fjölbreyttri þjónustu Póstsins.

Pósti-appið er fánlegt bæði fyrir iPhone og Android síma.

www.postur.is

## SMS frímerki

**SNÍÐUGT** Hefði getað ímyndað sér hvernig átti áttugu árum að það yrði hægt að kaupa frímerki með síma og penna? Pósturinn hefur innleitt enn eina tækninýjungina í póstsamskiptum landsmanna, sms-frímerki. Það er því hægt að nálgast frímerki allan sólarhringinn, allan ársins hring óháð opnunartíma Pósts-

ins og sem selja frímerki um land allt.

Sms-frímerki er númer sem sendandi skrifar skýrt og greinilega efst í hægri horn sendingar, þar sem frímerkin eru venjulega sett. Hægt er fá sent sms-frímerki sem gildir fyrir allt að fimmtíu sendingar. Kostnaðurinn gjaldfærir á símreikning sendanda.



Það þarf ekki mikið til að vekja góðar minningar um jólin. Einhver smáhlutur, mynd frá síðasta sumri, sokkarar eða falleg bók. Það er hugurinn sem skiptir máli.

Sendu hug þinn með Póstinum – heim að dyrum.





# Höldum áfram viðræðum um ESB-aðild

## Evrópumál

Finnur Torfi Magnússon  
verkfræðingur



Saga íslensku krónunnar er ekki löng og segja má að hrakfalla-saga hennar hefjist strax í upphafi. Gjalddeyrishöft eru sett á 1931, þau hert árið 1947 og ekki losuð að fullu fyrr en árið 2001. Gengið er fellt um 18% árið 1939 og fellt aftur um tæp 43% árið 1950. Tekið var upp 55% yfirfærslugjald (tvöföld gengisskráning) árið 1956, gengið fellt um 57% 1960 og aftur um 35% árið 1967. Það sígur frekar á 9. áratug síðustu aldar auk gengisfellinga 1992 um 6,0% og 1993 um 7,5%. Þá féll krónan einnig mikið við fall bankanna. Miðað við dönsku krónuna eru um 0,5% eftir af upphaflegu verðmæti hennar. Segja má að krónan sé nú stúfar við hækjur í formi gjalddeyrishafa og slíkt gangverk er ekki gott til framtíðar.

Líklegt er að notkun krónunnar muni kalla á áframhaldandi gjalddeyrishöft því verja verður hana, m.a. gegn vaxtamunaviðskiptum (e. carry trade). Á móti höfum við sveigjanleika til að fella gengið eftir þörfum (miðað við reynslu síðustu aldar eru frekar litlar líkur á styrkingu krónunnar). En er ekkert annað í stöðunni?

1. Komið hafa fram tillögur um að setja krónuna á gullfót, en í ljósi mikillar hækkunar á gulli síðasta áratug er það ekki fýsilegur kostur.
2. Rætt hefur verið um að taka einhliða upp aðra mynt. Í því

myndi felast að bankarnir en ekki stjórnvöld stýra peningamagni í umferð og þar með einnig atvinnustigi. Benda má á Panama sem dæmi en þar hefur US\$ verið gjaldmiðill frá 1913 og eru utanríkisviðskipti að mestu í þeim gjaldmiðli. Verðbólga hefur verið þar lág, yfirleitt á bilinu 1-3% að árinu 2008 undanskildu en þá fór verðbólga í 8,8%, sem er met. Atvinnuleysi þar síðasta áratug hefur sveiflast á milli 6% og 16%.

Vaxtakostnaður myndi lækka verulega og fylgja þeirri mynt sem tekin yrði upp.

3. Upptaka evru virðist skynsamleg í ljósi utanríkisviðskipta okkar, en rúm 70% útflutnings fara til Evrópu og rúm 56% innflutnings koma þaðan. Kostir og gallar við einhliða upptöku færu eftir lið 2 hér á undan, en ESB hefur lýst sig andsnúid einhliða upptöku.

Ef við göngum í Evrópu-sambandið gætum við haft möguleika á því að taka upp evru eftir ákveðinn tíma. Það yrði líklega betri kostur en einhliða upptaka.

Það felast ákveðin tækifæri í upptöku annarrar myntar en

einnig ógnanir. Er ekki ástæða til að skoða ýtarlega hvað í þessu felst eins og Benedikt Jóhannesson lagði til í grein í Fréttablaðinu hinn 17. nóvember sl. Vegna utanríkisviðskipta er upptaka evru augljósasti kosturinn sem myndi líklega einnig leiða til agaðri vinnubragða við efnahagsstjórnun og meiri stöðugleika.

Með þetta í huga eru áframhaldandi viðræður við ESB skynsamlegar. Með framsýni, kjarki og áráðni ættum við að geta fundið tækifæri framtíðarinnar og nýtt þau.



**Afgreiðslutími**  
Virka daga 09:00 - 18:30  
Laugardaga 10:00 - 14:00  
Á almennum frídögum er lokað  
Sími 567 - 4200

## Í sálarnærveru er háttvísinn hál

### Menntun

Þorgerður Laufey  
Díðríksdóttir

Formaður  
Kennarafélags  
Reykjavíkur

Á Íslandi líður flestum börnum vel í grunnskólunum, en því miður gildir það ekki um þau öll. Við sem vinnum með börnum vitum að það eru fjölmargir þættir sem orsaka vanlíðan barna og fullyrði ég að starfsfólk skólanna leggur sig ávallt fram við að finna lausnir á þeim vanda sem barnið glímir við. Einelti er einn þessara vanda. Hver skóli setur sér reglur sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir einelti/ ofbeldi og skapa góða samskiptahætti innan hans og utan. Margt hefur áunnist sem skilað hefur góðum árangri.

Þrátt fyrir góðan ásetning hefur ekki tekist að koma að öllu leyti í veg fyrir einelti. Óhjákvæmilega vekur það upp spurningu um hvað sé til ráða. Við henni er ekkert eitt svar en ljóst að margt vinnur saman.

Virðing fyrir kennarastéttinni og skólastarfi er eitt. Beri nemandi ekki virðingu fyrir kennaranum og skólanum telur hann sig líklega ekki skuldbundinn til að framfylgja þeim reglum sem skólinn setur.

Það er vandi að gæta meðalhöfs. Fjölmíðlar miðla til lesenda sögum af því hvernig skólakerfið bregst nemendum og margir láta skoðun sína í ljós t.d. í umræðu á bloggi og öðrum fjölmiðlum. Þeir eru ekki margir sem lýsa yfir stuðningi við skólana og það sem þar er verið að vinna, enda erfitt þar sem báðar hliðar málsins eru sjaldan sagðar. Við heyrum ljótar sögur af einelti sem nemendur verða fyrir. En sumar sögurnar segja okkur ekkert um það sem þegar hefur verið unnið í máli hvers einstaklings, né hvað liggur á bak við þann þagnarmúr sem opinberum starfsmönnum ber að hafa í heiðri.

Ég veit að kennarar reyna ávallt að gera sitt besta til að öllum nemendum líði vel í skólanum. Og þjóðin þarf að trúá því að með þeim úrræðum sem skólanum bjóðast er hagur nemandans ávallt hafður að leiðarljósi.

## Árbæjarapótek er 40 ára (1971 - 2011)

Af því tilefni viljum við bjóða viðskiptavinum okkar dagana 5. - 10. desember

40% afslátt\*  
af Guli línunni frá Heilsu



40% afslátt\*  
af Solaray línunni frá Heilsu



40% afslátt\*  
af Udo's línunni frá Heilsu



40% afslátt\*  
af vítamínum frá BIOMEGA



40% afslátt\*  
af vítamínum frá Ein á dag



Einnig 20% afsláttur\* af snyrtivöru gjafakössum og herra- og dömuilmum.

40% afsláttur\* af Lancome sólarpúðri

\*gildir 5. - 10. desember

Árbæjarapótek - Sjálfstætt apótek í 40 ár

Hraunbæ 115 - 110 Reykjavík - Sími: 567-4200  
www.arbaejarapotek.is





**WALT DISNEY** (1901-1966) fæddist þennan dag. „Hlátur er mikilvægasta útflutningsvara Bandaríkjamanna.“



*Eiginmaður minn og faðir okkar,*  
**Ingi Sigurður Erlendsson,**  
Mælingamaður,  
Hrauntungu 30, Kópavogi

lést miðvikudaginn 30. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut.

Rannveig Gísladóttir  
Guðmundur Ingason  
Örn Erlendur Ingason  
Haukur Ingason  
Sólborg Erla Ingadóttir  
Þórdís Ingadóttir



*Ástætur eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Magnús Gunnlaugsson**  
frá Súðavík

sem lést mánudaginn 28. nóvember, verður jarðsöngurinn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. desember klukkan 13.

Ólöf Steinunn Einarisdóttir,  
Gunnlaugur Magnússon  
Helgi Grétar Magnússon  
Svanhvít Magnúsdóttir  
Ægir Magnússon  
Valdís Jóna Sveinbjörnsdóttir  
Anna Bragadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Sigurgeir Ingvarsson,**  
Geiri í Múla,  
fyrirverandi kaupmaður, Selfossi.

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum mánudaginn 28. nóvember, og verður hann jarðsöngurinn frá Selfoskirkju laugardaginn 10. desember klukkan 13.30

Guðmundur Birnir Sigurgeirsson  
Pálmar Sölvi Sigurgeirsson  
Ágústa Traustadóttir  
Valgerður K. Sigurðardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*  
**Svanhildur Sæmundsdóttir,**  
áður til heimilis í Brekkugötu 23 Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 27. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 8. desember kl.13.30.

Sæmundur Friðfinnsson  
Jónína Þórey Friðfinnsdóttir  
Svala Sigurðardóttir  
Ívar Herbertsson  
ömmu og langömmubörn



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAÍK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

**PETTA GERÐIST 5. DESEMBER 1973**

## Band on the Run kemur út

Band on the Run, þriðja plata hljómsveitarinnar Wings, kom út 5. desember 1973. Wings var hljómsveit Pauls McCartney og konu hans Lindu en platan hlaut dræmar viðtökur til að byrja með. Það átti þó eftir að breytast þegar kom fram nýja árið og varð Band on the Run mest seldu platan í Bretlandi og Ástralíu árið 1974. Platan seldist best af öllum plötum Wings og hefur síðan verið talin besta plata McCartneys eftir að samstarfi Bítlanna lauk.

Árið 2000 setti tímaritið Q Band on the Run í 75. sæti á lista yfir 100 bestu plötur sem gefnar hefðu verið út í Bretlandi frá upphafi vega. Og árið 2003 var platan valin í 418. sæti á lista tímaritsins Rolling Stone yfir 500 bestu plötur allra tíma. Gagnrýnandi Rolling Stone, Jon Landau, sagði þegar Band on the Run kom út að þetta væri „besta platan sem nokkur meðlimur Beatles hefði gefið út eftir að sú hljómsveit lagði upp laupana“.



SIGRÍÐUR ANNA EINARSDÓTTIR: GEFUR ÚT GEISLADISKA MEÐ ÁRAMÓTAEFNI

## Varð að uppfylla drauminn sjálf

Fyrir tæplega tveimur árum, um áramótin 2009/2010, tók ég þá ákvörðun að útbúa áramóta- og þrettándadisk,“ segir Sigríður Anna Einarisdóttir, sem nú hefur gert alvöru úr ákvörðuninni og er útgefandi tveggja diska af áramóta- og þrettándagleði sem koma út á næstu dögum.

„Um áramót og þrettánda hafði ég svo oft hugsað um hvað mig langaði að hlusta á meiri tónlist sem tengdist þessum árstíma. Mig langaði að fylla heimili mitt af meiri stemningu,“ heldur Sigríður Anna áfram. „Einnig hef ég tekið eftir að þessi menningararfur okkar á undir högg að sækja því það eru svo margir aðrir menningarheimar sem berjast um athygli fólks. Þetta hefur mér fundist leitt. Ég var alltaf að vona að það kæmu diskar á markaðinn sem uppfylltu löngun mína en svo varð ekki. Svo hugsaði ég með mér að fyrst mig langaði þetta svona mikið þá bara yrði ég að gera þetta sjálf og löngunin var það sterk að ég lét til skarar skríða.“

Sigríður Anna segist ekki hafa gert sér neina grein fyrir því hversu stórt verkefni hún var að ráðast í. „Til að gera langa sögu stutta bættist alltaf við meira og meira efni sem mér fannst mikilvægt að taka með og sem snýr að okkar menningar- og þjóðararfi. Auk þess skipti það mig miklu máli að fá gott fólk í lið með mér. Það var töluvert átak að ráðast í það að hafa samband við listafólkið og biðja það um að koma fram á diskunum upp á von og óvon með greiðslur. En það tóku mér allir mjög vel og voru boðnir og búnir að koma að þessu með mér. Fékk ég nokkra kóra, einsöngvara, leikara, leikritaskáld, organista, trompetleikara og fleiri til þess láta draum minn verða að veruleika og það kom mér á óvart hversu tilbúnir allir þessir listamenn voru til að taka þátt í þessu verkefni. Ég er mjög gæfusöm að hafa fengið að vinna með öllu þessu góða fólki og verð því ævinlega þakklát,“ segir Sigríður Anna.

Diskarnir innihalda ekki einvörðungu tónlist því leikararnir Hjalti Rögnvaldsson og Ragnheiður K. Steindórsdóttir lesa ljóð og þjóðsögur sem tengjast þessum árstíma og einnig er á diskunum leikþáttur sem Jón J.



GEFUR ÚT GEISLADISK Sigríður Anna Einarisdóttir lét draum sinn rætast og hefur gefið út Áramóta- og þrettándagleði á tveimur geisladiskum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjartarson samdi sérstaklega af þessu tilefni. Meðal annarra sem fram koma á diskunum eru Kór Nes Kirkju, Lúðrasveitin Svanur, Kór Áskirkju og nemandur úr Söngskóla Sigurðar Demetz. Einsöngvarar eru Snorri Wiium, Guðbjörg K. Tryggvadóttir, Aðalsteinn M. Ólafsson og Berglind Ósk Alfreðsdóttir. Auk þess koma fram fleiri hljóðfæraleikarar og kórar. Einnig kemur Árni Björnsson, doktor í menningarsögu, við sögu. Upptökur, fyrir utan lögin með Lúðrasveitinni Svani og Árneskórnum,

fóru fram árið 2011 í Guðrídarkirkju, Nes Kirkju og stúdíói Hljómi og hljóðmaður var Páll Orri Pétursson.

„Þetta er búið að vera gífurleg vinna,“ segir Sigríður Anna, „en ég sé sko alls ekki eftir því að hafa látið þennan draum minn rætast. Ég veit ekki til þess að gefinn hafi verið út svona diskur með efni sem eingöngu tengist áramótum og þrettánda og ég vona að diskarnir eigi eftir að gleðja landann ekki síður en mig sjálfa.“

fridrikab@frettabladid.is



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*  
**Þorgerður Magnúsdóttir**  
Mýrarvegi 113,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 29. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. desember kl.13:30 Þeir sem vildur minnst hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð Akureyri

Ingólfur Sigurðsson  
Elinborg Ingólfssdóttir  
Magnús Ingólfsson  
Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

## TÓMSTUNDIR &amp; FERÐIR

## Hestamennska

Til leigu mjög góð hesthúsupláss í Víðidalnum Gott hesthús með góðri aðstöðu. Uppl. í S. 6975090 og 8996555.

## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16 Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði í boði

## Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitchen, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið. Reykjavík sími: 6615219

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

## Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stuðióíbúð til leigu/studioapartment for rent. Near center. S. 773 0317.

## Húsnæði óskast

Fjólaskyldu vantar 3-4 herbergja íbúð til leigu, til140 þ. upl.is 6630317

## Geymsluhúsnæði

Eigum enn laus örfá pláss fyrir húsbíla, ferðavagna, báta eða fornbíla í upphitðu húsnæði á Suðurnesjum. s. 898 7820

## Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgöngur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

## ATVINNA

## Atvinna í boði



Benz-Sprinter árgerð 2007, ekin 78,000 km,verð,4,7 mil +vsk. Símmi:8614943

## Atvinna óskast

Stýrimaður-Háseti óskar eftir plássi á sjó. Vanur ýmsu. S. 868 7522 og 551 2213.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Næsti félagsfundur F4x4 verður mánudagskvöldið 5. desember., kl. 20:00, fundarstaður er Hótel Natura (Loftleiðir), Víkingasalur. Dagskrá

- Innanfélagsmál, (m.a. kynnrir Vefnefnd breytingar á vefnum og svarar spurningum).

- Skeljungur verður með erindi.

- Kaffi.

- Elín Björg (fulltrúi vélknúinna ökutækja) kynnrir starf Samgöngunefndar Vatnajökulspjóðgarðs.

- Myndasýning frá nýafstaðinni nýliðaferð. Stjórnin



**Önnur þjónusta**



**Sneisafull búð af öðruvísi jólavörum!**

Dæmi: 66 cm jólasveinaandlit (plasthúðaður pappi) á 290 kall! Allskonar jólasveinur sem þú finnur hvergi annarsstaðar á frábæru verði, jólasveinabúningar og fylgihlutir fyrir alla, sniðugar ódýrar gjafir í skóinn, bókunarvörur, borðbúnaður og glös, úrval skrautkerta öll á 50% afslætti, sprellivörur, áramótavörur, hattar, kórónur, knöll, o.fl. o.fl. Partybúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534. Ópið 11-18 virka daga, 11-17 laugardaga og 12-16 sunnudaga.

**Blekhyllki.is**

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfjörð sími 517-0150

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Ópið virka daga 8-18 og lau 10-16.



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**SNOWEX**

Handknúin salt og sanddreifarar til afgreiðslu strax. Frábær lausn fyrir húsfélög og fyrirtæki til að hálkverja gangveg. ORKUPER ehf. Sniðjuvegi 11, s.5343435 www.orkuper.is



Upplýsingar á [TOPCON.IS](http://TOPCON.IS)



Rafhlöðukrossar 12v - 24v - 32v.

Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkrofu. Uppl. í síma 898 3206.



www.verslun.is Pöntunarsími: 5351300



**Ný sending komin**

Saltkristallampar, selenite lampar, náttúruleg ilmkerti, ofl. Ditto, Sniðjuvegi 4 (græn gata) Ópið mán-fös 11-18, lau 11-15. s. 517-8060. ditto.is



Öryggis- og peningaskápar



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. www.heitipottar.is

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL** og aðra eðalmála gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Tímo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldþeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

**Kaup gull !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiði til fagmanns og fáðu góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

**Sjónvarp**

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/örorkja. Sækjum. Litsyn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

**Til bygginga**




**Harðviður til húsaþbygginga.**

Sjá nánar á [www.vidur.is](http://www.vidur.is) Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

**Verslun**



Hin eina sanna Mexíkanska Bola með gönguhalmsmenni er dásamleg gjöf fyrir verðandi mæður. Margar gerðir, verð frá 3.400-4.900.- kr. www.tvoflif.is Holtasmára 1 S. 517 8500



Hin eina sanna Mexíkanska Bola með gönguhalmsmenni er dásamleg gjöf fyrir verðandi mæður. Margar gerðir, verð frá 3.400-4.900.- kr. www.tvoflif.is Holtasmára 1 S. 517 8500



**HEILSA**

**Heilsuvörur**



Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

**Nudd**



**TANTRA NUDD**

Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. Nálagst Foldatorg. Tímáþöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Þjónusta**



**Reykstopp með árangri s:694 5494**

Viðar Aðalsteinnsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HEIMILIÐ**

**Dýrahald**

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

**TÓMSTUNDIR & FERÐIR**

**Hestamennska**

Til leigu mjög góð hesthúsupláss í Víðidalnum Gott hesthús með góðri aðstöðu. Uppl. í S. 6975090 og 8996555.

**HÚSNÆÐI**

**Leigumiðlanir**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16** Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin. Sjá [www.leigulidar.is](http://www.leigulidar.is) eða 517 3440

**Húsnæði í boði**

**Gistiheimili - Guesthouse**  
[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)  
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.  
Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitchen, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið. Reykjavík sími: 6615219

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

**Leigjendur, takið eftir!** Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stuðióíbúð til leigu/studioapartment for rent. Near center. S. 773 0317.

**Húsnæði óskast**

Fjólaskyldu vantar 3-4 herbergja íbúð til leigu, til140 þ. upl.is 6630317

**Geymsluhúsnæði**

Eigum enn laus örfá pláss fyrir húsbíla, ferðavagna, báta eða fornbíla í upphitðu húsnæði á Suðurnesjum. s. 898 7820

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



Benz-Sprinter árgerð 2007, ekin 78,000 km,verð,4,7 mil +vsk. Símmi:8614943

**Atvinna óskast**

Stýrimaður-Háseti óskar eftir pláss í sjó. Vanur ýmsu. S. 868 7522 og 551 2213.

**TILKYNNINGAR**

**Tilkynningar**



**Næsti félagsfundur F4x4 verður mánudagskvöldið 5. desember., kl. 20:00, fundarstaður er Hótel Natura (Loftleiðir), Víkingasalur. Dagskrá**

- Innanfélagsmál, (m.a. kynnrir Vefnefnd breytingar á vefnum og svarar spurningum).

- Skeljungur verður með erindi.

- Kaffi.

- Elin Björg (fulltrúi vélknúinna ökutækja) kynnrir starf Samgöngunefndar Vatnajökulspjóðgarðs.

- Myndasýning frá nýafstaðinni nýliðaferð. Stjórnin



*Gamla Bíó kynnir*

# 3 Voices & Beatur



GAMLA BÍÓ  
LEIKHÚS

*Jólatónleikar 17 desember kl 21:00*

Miðasala í síma 563-4000 eða á [gamlabio.is](http://gamlabio.is) - [midi.is](http://midi.is)



## krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12			13	
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

## LÁRÉTT

2. vætta, 6. ullarflóki, 8. blundur, 9. hluti verkfæris, 11. karlkyn, 12. sljónga, 14. einkennis, 16. í röð, 17. gagn, 18. kæla, 20. búsmali, 21. yndi.

## LÓÐRÉTT

1. smæl, 3. tveir eins, 4. sýklalyf, 5. ról, 7. niðurstaða, 10. óvild, 13. of lítið, 15. bakhluti, 16. tala, 19. tvíhljóði.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. álfa, 6. rú, 8. lúr, 9. orf, 11. kk, 12. slæva, 14. aðals, 16. tu, 17. nyl, 18. ísa, 20. fé, 21. unun.  
LÓÐRÉTT: 1. bros, 3. ll, 4. fúkalýf, 5. ark, 7. úrlausn, 10. fæð, 13. van, 15. stél, 19. tíu, 19. au.



„Edda og Laddi slá í gegn“

- DV

GAMLA BÍÓ  
LEIKHÚS

Miðasala á [www.gamlabio.is](http://www.gamlabio.is)  
eða á [www.midi.is](http://www.midi.is)

Símanúmer í miðasölu: 563 4000

Opið Lau - Sun 14:00-20:00

Mið - Fös 16:00-20:00

## Ævintýri að austan

BAKPANKAR  
Gerðar  
Kristnýjar

Einu sinni gegndi ég stöðu ritstjóra tímarits og átti þá til að leggja leið mína á Litla-Hraun að taka viðtöl við fanga. Margir þeirra eru mjög eftirminnilegir og höfðu áhugaverða sögu að segja. Sumir höfðu reynt fleira en þeir kærðu sig um að muna en það felst líka saga í þögninni. Dag nokkurn hringdi í mig maður og falaðist eftir viðtali. Hann var grunaður um að hafa orðið mannsbani og nýkominn úr einangrun. Hann setti mig á gestalistann sinn og bauð mig velkomna austur.



ÉG FÓR í fylgd ljósmyndara en hann beið úti í bíl á meðan viðtalið fór fram. Að því loknu komum við viðmælandinn okkur saman um að myndir yrðu teknar af honum úti, enda var hann á leiðinni í „frímínútur“. Þegar við ljósmyndarinn sáum manninn stilla sér upp rétt fyrir innan háu girðinguna snörudumst við út úr bílnum og laumudumst nær, rétt eins og við værum aðalpersónur í drengjabók frá 6. áratugnum sem hefði þá getað heitið Júlli og Jónsi komast í hann krappann. Myndum var smell af í flýti en því næst hentumst við upp í

bílinn og ókum í burtu. Fangaverðirnir urðu vitaskuld varir við okkur.

**VIÐ VORUM** því ekki komin langt þegar blikkandi ljós sáust í baksýnis-speglinum og yll barst til eyrna. Selfosslögreglan var mætt og fór fram á að við kæmum niður á stöð og útskýrðum hvað við hefðum verið að flækjast. Á leiðinni þangað bað ég ljósmyndarann, mikinn hægletismann, að hafa orð fyrir okkur. Mig grunaði að það færi best á því. Ljósmyndarinn gerði sér lítið fyrir og sagði Selfosslöggunni að við hefðum verið að taka myndir fyrir Hús og híbýli. Ætli það hafi ekki verið þá sem það hvarflaði að mér að þessi indæli félagi minn, Gísli Egill Hrafnsson, gæti alveg fengið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna einn daginn.

**OG NÚ** hefur það gerst því matreiðslu- og lífsstílsbókin Góður matur – gott líf í takt við árstíðirnar eftir hjónin Gísli Egil og Ingu Elsu Bergþórsdóttur hefur verið tilnefnd í flokki fræðibóka. Efnið er kannski ekki í stíl við lífið á Litla-Hrauni en ég hef oft leikið mér að því í huganum að semja viðtölin sem ég hefði getað tekið þar fyrir Hús og híbýli: „Það er nú svolítið þröngt hjá þér en samt gaman að sjá hvernig þú nýtir rýmið ... svo eru þessir rimlar hérna alveg brílljant. Eru þeir frá Philippe Starck, segirðu?“

## myndasögur

## Pondus

Láttu mig þekkja þetta! Það er bara eitt í stöðunni varðandi svona hálseymslí!



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Spennandi húsnæði til sölu eða leigu



# Viltu eiga sviðið ... eða leigja það?



## Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningar-salur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m<sup>2</sup>. Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



## Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m<sup>2</sup> kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m<sup>2</sup> aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



## Banki

Húsnæðið er 292 m<sup>2</sup> og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.



## Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m<sup>2</sup>. Húsið er ákaflega rammbýggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða áþreifanleg.




Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.

**Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á [www.asbru.is/fasteignir](http://www.asbru.is/fasteignir).**



Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is







**HEIM UM JÓLIN** Norska kvikmyndin Hjem til jul er jólamyndin í ár að mati forsvarsmanna Bíó Paradísar. Í Hjem til jul segir frá mismunandi jólahaldi í norska bænum Skogli. Með aðalhlutverk fara Nina Andresen Borud, Trond Fausa Aurvagg og Arianit Berisha. Myndin hefur fengið góða dóma og þykir bæði fyndin og ljúfsár.

## Hallelúja hallelúja

Tónleikar ★★★★★

**Messías eftir Händel**  
á Sinfóníutónleikum

Ég er ekki viss um að fólk standi upp í Hallelúja-kaflanum í Messíasi eftir Händel vegna þess að kóngur þurfti að pissa.

Sú saga er til um Georg II. að hann hafi þurft svo mikið að komast á klósettið þegar Messías var fluttur að hann hafi staðið upp á vitlausum stað. Það var í Hallelújakaflanum, en þá var verk-ið samt ekki búið. Þegar kóngurinn stóð upp risu allir á fætur. Síðan þá spretta allir upp þegar Hallelújakaflinn hefst.

Sannleikurinn er sá að enginn veit af hverju fólk rís úr sætum sínum á þessum tímamarki í tónlistinni. Fólk reis oft úr sætum þegar kraftmiklir kórkaflar byrjuðu í ámóta tónsmíðum í gamla daga. Sennilegast er það bara vegna þess hversu tónlistin er flott og tignarleg. Hvað myndi maður ekki gera ef himnarnir opnuðust og sjálfur Guð almáttugur opinberaði dýrd sína?

Það gekk ekki lítið á í Eldborginni í Hörpu á föstudagskvöldið. Fólk reis á fætur, það var bara ekki hægt annað. Hallelújakaflinn var afar glæsilegur í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Matthew Hall. Krafturinn

var ótrúlegur. Ég fékk hreinlega gæsa-húð, og það gerist ekki oft á tónleikum. Þetta var einstök upplifun.

Hallelújakaflinn var hápunkturinn á óvanalega skemmtilegri tónlistarveislu. Messías er svokölluð óratória, en það er trúarlegt tónverk þar sem helgiteksti er settur í tónrænan búning frásagnar og hugleiðingar. Í Messíasi er hugleitt hvernig mannkynið frelsaðist fyrir son Guðs. Tónlistin er þó engin helgisleppja, þvert á móti á hún margt sameiginlegt með óperum. Í henni eru aríur, söngles og kóratriði, og það er oft mikið drama í frásögninni.

Túlkunin á föstudagskvöldið var sérlega lífleg. Hljómsveitin spilaði langofast af öryggi og ein-söngvararnir voru frábærir. Það var unaður að hlusta á sópransöngkonuna Susan Gritton. Kontra-tenórinn Robin Blaze var líka frábær, og sömu sögu er að segja um tenórinn James Oxley og bassann Matthew Brook.

Kór Áskirkju og Hljómeyki (undir stjórn Magnúsar Ragnars-sonar) mynduðu hinn volduga kór sem tónlistin krefst. Söngur hans kom ágætlega út. Hraðinn var að vísu stundum heldur mikill fyrir getu tenóranna. En mér var alveg sama. Það er skemmtilegra að hlusta á lifandi söng sem er fullur af andagift, þótt einhverjir hnökra séu á honum, frekar en



nákvæman og steindauðan söng! Í það heila var kórsöngurinn glæsilegur og það var skemmtilegt að hlusta á hann.

Minnast verður á tvo meðlimi Sinfóníunnar, slagverksleikarann Frank Aarnink og trompetleikarann Ásgeir Steingrímsson. Pákuleikur Franks var magnaður, ekki síst í Hallelújakaflanum. Og trompetspilið í þættinum um upprisuna, þegar „lúðurinn mun gjalla“, var tær og fallegur.

Í það heila var Messías frábær skemmtun, flutningurinn var fullur af andstæðum, allt frá hamslausum tilfinningasprenjum niður í ofurveikar, innhverfar hugleiðingar. Og verkið hljómaði dásamlega í hljómburði Eldborgarinnar. Ég hef sjaldan skemmt mér eins vel á Sinfóníutónleikum.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Messías eftir Händel var snilld.

Bækur ★★

**Gestakomur í Sauðlauksdal**

Sölvi Björn Sigurðsson

Sögur útgáfa

### Kartaflan mín sú hin kóngska

Dálitill leiðarvísir um heldri manna eldunaraðferð og gestakomur í Sauðlauksdal eður hvernig skal sína þjóð upp reisa úr öskustó er fullt nafn nýrrar skáldsögu Sölva Björns Sigurðssonar. Þar skrifar hann í orðastað séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, þess hins sama og innleiddi kartöfluna í íslenska matargerð. Nafnið er nákvæm lýsing á innihaldi bókarinnar. Séra Björn er kominn aftur vestur í Sauðlauksdal, aldurniginn og blindur, ásamt tveimur hjúum á unglingsaldri og sendir út boð til merkustu manna landsins um að mæta til jólaveislu í Sauðlauksdal. Bókin lýsir síðan undirbúningi veisluinnar og tilraunum með mat og drykk.

Form bókarinnar er sendibréf sem séra Björn skrifar Eggerti mági sínum Ólafssyni sem þó er druknaður og nær þegar tilskrifðið hefst.

Lýsir sérann lífinu í Sauðlauksdal í smáatriðum fyrir mági sínum, einkum þó þeim tilraunum í ræktun, eldamennsku og ölbruggun sem hann og hjú hans stunda þar í fásinninu til undirbúnings jólaveislunnar miklu. Langt og mikið mál fer í að lýsa þangaðkomu Halldórs Mogesen Etatsráðs og hvernig Birni tekst með hjálp jurta-lækninga að ná honum úr ölaðinu og setja hann til verka.

Efniviður bókarinnar er kannski ekki sá mest spennandi sem sögur fara af en styrkur hennar liggur í stíl og málfari. Sölvi stýðst við skrif séra Björns sjálfs og skapar tungutak og stíl sem unun er að lesa. Bókin minnir um margt á Jón Ófeigs Sigurðssonar og Rökkurbýsnir Sjóns og er þar ekki leiðum að líkjast. Dálitið leiðgjarn verður þó til lengdar að lesa spekulá-sjónir um samsetningu hátíðarétta, virkni hinna ólíku jurta og mismunandi bragðtegundir öls eftir því hvaða jurtum er bætt í það. Bestir eru kaflarnir þar sem séra Björn lýsir baráttu sinni við þunglyndi og óþján blindunnar og veltir fyrir sér hinum hinstu rökum. Ástin grípur unglíngana tvo eins og vera ber og yrkir drengurinn Scheving ástarljóð í erg og gríð til stúlkunnar Maríu sem mörg hver eru hin skemmtilegasta smíð og lýsingar á ölmælgri Etatsráðsins lyfta munnvikunum þó nokkuð. Varla er þó hægt að segja að bókin sé skemmtilestur að öðru leyti en þeirri skemmtun sem felst í því að lesa listavel skrifaðan texta sem sameinar fornan rithátt úr ritum sérans og nútíma tungutak á einkar velheppnaðan hátt. Síðasti hluti bókarinnar kemur skemmtilega á óvart og endirinn er undurfagur og sterkur. Fyrir þá sem unna góðum texta er þessi bók mikill fengur, en þeir sem leita afþreyingar og spennu ættu að róa á önnur mið.

Friðrika Benónýsdóttir

**Niðurstaða:** Undurvel saminn texti um efni sem ekki er allra.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Jólauppboð í Galleríi Fold

mánudaginn 5. desember, kl. 18  
í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg




Gunnlaugur Blöndal

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



HANN ER Á LEIÐINNI...

# AXLAR-BJÖRN

Nýtt verk úr smíðju Vesturports frumsýnt í janúar  
Tryggðu þér miða strax!

VesturPort
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið





*Veljum íslenskt  
– okkar hagur!*





**26 ÁRA** afmælisdagur fyrrverandi leikarans Frankie Muniz er í dag. Hann er frægastur fyrir hlutverk sitt í þáttunum Malcolm in the Middle en hefur nú sest í helgan stein.

# Jólabókaflóðinu fagnað í Forlaginu

Forlagið fagnaði jólabókaflóðinu með árlegri teiti á föstudagskvöld. Þungavigtarfolk úr menningarheiminum lét sjá sig og ljósmyndari Fréttablaðsins fangaði stemninguna.



**FJÓR** Eggert Þór Bernharðsson, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir og Þorsteinn frá Hamri stilltu sér upp.



**FERSKLEIKI** Kári Tuliníus, Egill Örn Jóhannsson og Kristján B. Jónsson hlóu dátt.



**ALLT AÐ GERAST** Gísli Egill Hrafnsson, Inga Elsa Bergþórsdóttir og Nanna Rögnvaldsdóttir brostu fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



**STUÐ** Hallgrímur Helgason og Sigurður Pálsson voru með hressari mönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**STÍLL** Jakob Frímann og Guðmundur Andri voru flottir í tauinu.



**SKÁL** Bryndís Schram, Lís Páls og Jón Baldvin Hannibalsson létu að sjálfsgöðu sjá sig.



**BROS** Pétur, Reynir og hinn vinsæli Arnaldur Indriðason voru hressir.

**JÓL**  
LEPPALÚÐI  
ÍSLENSK HÖNNUN OG RITSNILLD Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNNA OG UNGMENNA

Leppalúði í túlkun Ingibjargar Hönnu Bjarnadóttur og Ingibjargar Haraldsdóttur fæst hjá okkur

5. - 19. desember

Casa - Skeifunni og Krínglunni  
Epal - Skeifunni, Leifsstöð og Hörpu  
Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi  
Kokka - Laugavegi · Líf og líst - Smáralind  
Móðern - Hlíðarsmára  
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu  
Blómaval - um allt land  
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki  
Póley - Vestmannaeyjum · Valrós - Akureyri  
Netverslun - www.jolaoroinn.is

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

**FJÖLVARP**  
Discovery CHANNEL  
Alla virka daga kl. 18.00  
MYTHBUSTERS

Discovery Channel er fánleg í  
FJÖLVARP ALLT  
FJÖLVARP TOPPUR

FJÖLVARP FRÆÐSLA  
FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

**VEIÐI JÓLA GJÖF**

VEIÐI-BÆKUR, DVD OG GJAFAKORT

**Veidiflugur**

Langholtiavegi 111 Reykjavík | S: 527 1060  
www.veidiflugur.is | hilmar@veidiflugur.is


## Ást við fyrstu sýn hjá ritstjóra

„Jú, þetta er frábær auglýsing,“ segir vöruhönnuðurinn Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir.

Fyrir helgi birtist umfjöllun um Not Knot-púða Ragnheiðar á einu af vinsælustu hönnunarbloggum Bandaríkjanna, Design Milk, en daglega sjá á bilinu hálf milljón til tveggja milljóna lesenda efnið sem birtist á síðunni. Það var sjálfur ritstjóri síðunnar sem skrifaði um púðana og sagði það hafa verið ást við fyrstu sýn þegar hún rak augun í þá. Púðana gerir Ragnheiður úr íslensku einbandi. „Ég hafði verið að hekla figúrur með langar lappir og datt í hug að hekla langar lengjur og gera eitthvað úr þeim. Ég endaði með að hnýta þær og fannst útkoman skemmtileg. Ég var í skátunum sem barn og heillaðist alltaf af mismunandi hnútum, þannig að mér fannst það

spennandi verkefni að rannsaka þetta frekar.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hönnun Ragnheiðar hefur vakið addáun utan landsteinanna. „Ég hef verið mjög heppin síðan ég byrjaði að hanna og fengið umfjöllun um allan heim, meðal annars í Rússlandi, Kína og Taívan. Þessir blaðamenn hafa haft samaband við mig að fyrra bragði og mér finnst stundum ótrúlegt hvernig þeir fóru að því að finna mig.“ Öll athygli að utan er af hinu góða að sögn Ragnheiðar, því draumurinn er að koma vörunum á erlendan markað. „Það er eiginlega það eina sem kemur til greina hjá mér núna og næsta ár fer í að koma vörunum mínum í búðir erlendis ásamt því að koma með nýjar vörur.“ - bb



**GENGUR VEL** Ragnheiður rekur sitt eigið fyrirtæki, Umemi, og segir Íslendinga eiga glæsilegan hóp vöruhönnuða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúma-kaupunum í dag. Dýnan bíður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt. Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færir mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur. Passion rúmin eru fánleg í mörgum litum og með margar mismunandi gerðir af rúmfótum.

# Þægindin í fyrirúmi

MEÐ GÆÐAHÚSGÖGNUM FRÁ LÚR



## Hvíldarstólar og sófar

Við bjóðum upp á mikið úrval af hvíldarstólum og hvíldarsófum, með eða án tungu. Þú finnur þitt útlit, þinn lit og þína áferð í taui eða leðri hjá okkur.



Í LÚR - Betri hvíld færðu hágæða Serta dýnur, framleiddar í verksmiðjum Serta í Ameríku. Serta ber ekki ábyrgð á dýnum sem framleiddar eru í öðrum löndum undir þeirra merki. Verslaðu ósvikna hágæða vöru með viðurkenndri ábyrgð frá framleiðanda í LÚR - betri hvíld.



Kíktu í heimsókn, skoðuðu úrvalið og uppfylltu drauma þína um betri hvíld.

**LÚR**  
BETRI HVÍLD



# SAMBÍÓNN

Frábær gamanmynd með Jason Sudeikís úr Hall Pass og Horrible Bosses.

**A GOOD OLD FASHIONED**

Time out New York Time Entertainment

**ORGY**

ELIJAH WOOD ROBIN WILLIAMS NAME AZARIAH BRAD PITT MATT DAMON ALICIA MOORE (PIRE) SOPHIA VERGARA CONNOR HUO WEAVING RICHARD CARTER

sýnd með íslensku og ensku tali

Every step counts.

**HAPPY FEET TWO**

SÝND Í 2D OG 3D

Coming Soon in 3D

FOR EVER IS ONLY THE BEGINNING

NICOLE KIDMAN STEPHEN KING **TRESPASS**

ELIJAH WOOD ROBIN WILLIAMS NAME AZARIAH BRAD PITT MATT DAMON ALICIA MOORE (PIRE) SOPHIA VERGARA CONNOR HUO WEAVING RICHARD CARTER

sýnd með íslensku og ensku tali

Every step counts.

**HAPPY FEET TWO**

SÝND Í 2D OG 3D

Coming Soon in 3D

FOR EVER IS ONLY THE BEGINNING

NICOLE KIDMAN STEPHEN KING **TRESPASS**

SAMBÍÓNN ALFABAKKA			
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 8 - 10:10	2D	16
TRESPASS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	16
HAPPY FEET 2	kl. 5:30	3D	12
BREAKING DAWN - PART 1	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D	12
BREAKING DAWN - PART 1 VIP	kl. 9:20	2D	VIP
THE HELP	kl. 8	2D	16
THE HELP VIP	kl. 6	2D	VIP
TOWER HEIST	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
THE INBETWEENS	kl. 5:40 - 10:45	2D	12
SAMBÍÓNN AKUREYRI			
HAPPY FEET TWO 3D	kl. 6	2D	12
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 8	2D	16
TRESPASS	kl. 10:20	2D	16
THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN	kl. 5:40 - 8	2D	12
SEEKING JUSTICE	kl. 10:20	2D	16
SAMBÍÓNN EGILSHÖLL			
HAPPY FEET TWO	kl. 5:30	1D & 3D	12
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 5:30 - 8 - 10:10	2D	16
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1	kl. 5:30 - 8 - 10:40	2D	12
SEEKING JUSTICE	kl. 8 - 10:30	2D	16
THE IDES OF MARCH	kl. 8 - 10:20	2D	12
SAMBÍÓNN KRINGLUNNI			
TRESPASS	kl. 8 - 10:10	2D	16
HAPPY FEET 2	kl. 5:30	3D	12
HAPPY FEET 2 / Ensku Tali /	kl. 5:40	3D	12
TWILIGHT: BREAKING DAWN	kl. 8 - 10:30	2D	12
SEEKING JUSTICE	kl. 8 - 10:20	2D	16
THE HELP	kl. 5:10	2D	16
SAMBÍÓNN KEFLAVÍK			
TRESPASS	kl. 10:20	2D	16
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 8 - 10	2D	16
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1	kl. 8	2D	12

SMÁRÁBIÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOHIN GÆÐI!

HEFURDU VEIT ÞVI FYRIR ÞÉR HVERNIG MAÐUR FER AD ÞVI AD AFHENDA TVO MILLJÁRDA GJAFRA Á EINNI NÓTTU?

**ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM**

Sjónir þetta myndbandið með JUSTIN BIEBER í þessari á myndbandi myndinni!

JASON STATHAM **BLITZ**

L LUXUS 92% ROTTEN TOMATOES **midi.is** 16 LUXUS **midi.is**

Adam Sandler **JACK AND JILL**

Þvíbærast þú kemst að þessum í heimskök... og það verður ekki fylligt.

TRÓPA DE ELITE 2

IMMORTALS

L **midi.is** 16 **midi.is** 16 **midi.is**

SMÁRÁBIÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%			
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 3.40 - 5.50	L	
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D	KL. 3.40 - 5.50	L	
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D LUXUS	KL. 3.40 - 5.50	L	
BLITZ	KL. 8 - 10.10	16	
BLITZ LUXUS	KL. 8 - 10.10	16	
IMMORTALS 3D	KL. 8 - 10.30	16	
TROPA DE ELITE	KL. 10.20	16	
JACK AND JILL	KL. 8 - 10.10	L	
ÆVINTYRI TINNA 3D	KL. 3.20 - 5.40 - 8	7	
PÖR 3D	KL. 3.40 - 5.50	L	

**midi.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS-BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

ISLENSKT TAL

ADAM SANDLER **JACK AND JILL**

LAUGARÁSBIÓ Sjningartímar

BLITZ	8 og 10.15
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	6
JACK AND JILL	6 og 8
HAPPY FEET 2 3D - ISL TAL	6
IMMORTALS 3D	8 og 10
BORGRÍKI	10.15



NORDICPHOTOS/GETTY

**TVISVAR Á TOPPNUM** Enska tónlistarkonan **PJ Harvey** nær toppsætinu bæði hjá Mojo og Uncut. **Justin Veron**, forsprakki **Bon Iver**, er vafalítið ánægður með toppsætið hjá Paste Magazine.

- MOJO**
1. PJ Harvey - Let England Shake
  2. The Horrors - Skying
  3. Fleet Foxes - Helplessness Blues
  4. Jonathan Wilson - Gentle Spirit
  5. Kate Bush - 50 Words For Snow

- UNCUT**
1. PJ Harvey - Let England Shake
  2. Gillian Welch - The Harrow & The Harvest
  3. Metronomy - The English Riviera
  4. White Denim - D
  5. Josh T. Pearson - Last of the Country Gentlemen

- Q**
1. Florence and the Machine - Ceremonials
  2. PJ Harvey - Let Englands Shake
  3. Adele - 21
  4. Bon Iver - Bon Iver
  5. Coldplay - Mylo Xyloto

- PASTE MAGAZINE**
1. Bon Iver - Bon Iver
  2. Fleet Foxes - Helplessness Blues
  3. My Morning Jacket - Circuital
  4. tUnE-yArDs - Whokill
  5. Middle Brother - Middle Brother

# PJ Harvey og Bon Iver best

Erlend tónlistartímarit eru byrjuð að senda frá sér lista yfir bestu plöturnar á árinu. Tónlistarkonan PJ Harvey er á toppnum í Bretlandi en Bon Iver í Bandaríkjunum.

áberandi hjá breskum tónlistarspekúlöntum, enda fékk tíunda hljóðsversplata hennar, Let England Shake, frábæra dóma á árinu og einnig hin virtu Mercury-verðlaun.

Harvey er á toppnum bæði hjá Mojo og Uncut en hafnar í öðru sætinu hjá Q á eftir Florence and the Machine. Björk Guðmundsdóttir kemst á lista í öllum bresku tímaritunum með plötuna Biophilia og nær hæst 23. sætinu hjá Q. Bandaríska tónlistarsíðan Paste Magazine velur aðra plötu Bon Iver, sem er samnefnd bandarísku

hljómsveitinni, þá bestu á árinu. Mörgum Íslendingum er það eflaust ferskt í minni þegar Skagapilturinn Helgi Rúnar Bjarnason lék í myndbandi við eitt lag af plötunni, Holocene, fyrr á árinu. Bon Iver nær fjórða sætinu hjá Q og því níunda hjá Uncut og virðist því hafa fallið vel í kramið beggja vegna Atlantshafsins. Sömu sögu er ekki hægt að segja af Let England Shake með PJ Harvey því hún kemst ekki á lista yfir 50 bestu plöturnar hjá Paste Magazine, ekki frekar en Biophilia-plata Bjarkar.

## Kalt viðmót Kidman

Það fer ekki gott orð af leikkonunni Nicole Kidman á tókustað kvikmyndarinnar Stoker.



KÖLD Nicole Kidman er sögð köld við samstarfsfólk sitt. NORDICPHOTOS/GETTY

Viðmót Kidman við samstarfsfólk sitt mun vera svo kaldranalegt að hún er uppnefnd Ís-drottningin. Að sögn heimildarmanna er tókufólki bannað að yrða á leikkonuna nema hún yrði á það fyrst, auk þess sem hún er sögð dónaleg í framkomu. „Hún bað um vatnsglas og varð öskureið þegar hún fékk vatnsglas með klaka í. Fólk er hrætt við að reita hana til reiði og forðast hana eins og heitan eldinn.“

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

Mánudagur 5. desember 2011

→ Tónleikar

**18.00** Ingibjörg Guðný Friðriksdóttir og Adriana Pilip-Siroki syngja, auk þess sem Baldvin Ingvar Tryggvason spilar á klarinett á Vetrartónleikum Tólistardeildar Listaháskóla Íslands 2011 sem haldnir verða í Þjóðmenningarhúsinu.

→ Uppllestur

**14.00** Óttar M. Norðfjörð les úr bók sinni, Lygarinn: sönn saga í Menningar- og félagsmiðstöðinni Aflagrandu 40. Aðgangur ókeypis og kaffi og meðlæti á góðu verði.

→ Uppákomur

**12.34** Jóladaगत Norræna hússins heldur áfram. Allir velkomnir.

→ Tónlist

**22.00** DJ Hús þeytir skífum á Prikinu.

**BYLGJAN 25 ÁRA 989**

**Hemmi Gunn – og svaraðu nú!**

Fjölbreyttur og fjögurur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel



## Göngum frá verknum



# Íbúfen®

– Bólqueyðandi og verkjastillandi

**Notkunarvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólqueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Íbúfen er notað við vægum til meðal miklum verkjum eins og höfuðverk, mígreni, tannþínu, tíðaverkjum og hita. **Ekki má taka Íbúfen:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir íbúprófeni, öðrum skyldum lyfjum eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem fengið hafa ofnæmisviðbrögð eins og astma, nefrennsli, útbrot með kláða eða ef varir, andlit, tunga eða háls hafa bólgnað upp eftir að hafa tekið íbúprófen eða skyld lyf. Þeir sem þjáðst hafa af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) í tengslum við fyrri notkun bólqueyðandi verkjalyfja, þjást núna af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörn) eða hafa áður þjáðst af slíku, tvisvar eða oft, með alvarleg lifrar-, nýrna-, eða hjartavandamál (kransæðasjúkdómur meðtaldir), þeir sem þjást af umtalsverðum vökvaskorti (vegna uppkasta, niðurgangs eða of litillar vökvaneyslu), eru með einhverjar blæðingar (blæðingar í heila meðtaldar), eru með sjúkdóm af óþekktum uppruna sem leiðir til óeðlilegrar myndunar blóðfrumna. **Sérstök varnaðarorð:** Þeir sem eru með rauða úlfa (SLE) eða aðra sjálfsnæmissjúkdóma, arfgengan sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðrauða, hemoglóbín (purpuraveiki), langvarandi bólgusjúkdóma í þörmum eins og bólgur í ristli með sárum (sáranistilbólgu), bólgur í meltingarvegi (Crohn's) eða aðra maga- eða þarmasjúkdóma, truflanir á blóðfrumnamyndun, vandamál tengd blóðstorkun, ofnæmi, ofnæmiskvef, astma, langvarandi bólgur í nefslímhúð, kinnbeinaholum, kokeitlum eða langvarandi teppusjúkdóma í öndunarvegi, blóðrásarkvilla í slagæðum handleggja og fóta, lifrar-, nýrna- eða hjartavandamál eða háan blóðþrýsting, nýkomnir úr meiriháttar skurðaðgerð ættu ekki að nota lyfið. **Meðganga/brjóstgjöf:** Íbúprófen má ekki taka á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Aðeins ætti að nota Íbúfen á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu í samráði við lækni og ef það er algerlega nauðsynlegt. Íbúprófen getur gert konum erfiðara með að verða þungaðar. Þessi áhrif ganga til baka þegar hætt er að taka lyfið. Íbúprófen berst í brjóstamjólki í litlum mæli og brjóstgjöf þarf yfirleitt ekki að hætta meðan á skammtíma meðferð stendur. Ef lengri tíma meðferð er áætluð, ætti að meta hvort hætta eigi brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Svartar, tjörukenndar hægðir eða blóðlituð uppköst (sár í meltingarvegi með blæðingum), brjóstsviði, kvíðverkir, meltingartruflanir, truflanir í meltingarfærum s.s. niðurgangur, ógleði, uppköst, vindgangur og harðlífi, sáramyndun í meltingarvegi með eða án rofs, þarmabólga og versnandi bólga í ristli og meltingarvegi (Crohn's) og pokamyndun í digurgirni (rof eða fistlar), smásæjar blæðingar frá þörmum sem geta leitt til blóðleysis, sára og bólgu í munni, höfuðverkur, syfja, svimi, sundl, þreyta, æsingur, svefnleysi og viðkvæmni. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglings eldri en 12 ára (≥ 40 kg): 200-400 mg sem einn skammtur eða 3-4 sinnum á dag með 4-6 klst. millibili. Hámarks dagsskammtur er 1200 mg. Börn 6-9 ára (20-29 kg): 200 mg, 1-3 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 600 mg á dag. Börn 10-12 ára (30-40 kg): 200 mg, 1-4 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 800 mg á dag. Sjá nánar í fylgiseðli. **Börn 12 ára og yngri eiga ekki að nota Íbúfen nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Nóvember 2011.

actavis





**KAREN KNÚTSDÓTTIR** skoraði fyrsta mark Íslands á HM í Brasilíu þegar hún kom Íslandi í 1-0 með marki á 3. mínútu í mögnuðum 22-21 sigri gegn Svartfjallalandi á laugardagskvöldið. Karen endurtók þar með leikinn frá því í fyrra, en hún skoraði einnig fyrsta mark íslenska liðsins á EM í Danmörku í fyrra. Það var fyrsta mark íslenska kvennalandsliðsins á stórmóti, en úrslitin urðu ólíkt skemmtilegri í Santos en í Árósum fyrir ári.



**ARON PÁLMARSSON** Skoraði fimm mörk í Frakklandi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Meistaradeildin í handbolta: AG og Kiel unnu bæði

**HANDBOLTI** Íslendingaliðin AG Kaupmannahöfn og Kiel unnu bæði leiki sína á útivelli í Meistaradeildinni í gær og eru áfram í tveimur efstu sætum í sínum riðli.

AG vann 34-31 sigur á ungverska liðinu Pick Szeged þar sem Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 5 mörk, Ólafur Stefánsson 4 mörk og Snorri Steinn Guðjónsson 1. Kiel vann 34-31 sigur á franska liðinu Montpellier þar sem Aron Pálmarsson skoraði 5 mörk. AG er með eins stigs forskot á Kiel.

Þórir Ólafsson og félagar í Kielce unnu 32-29 sigur á lærisveinum Dags Sigurðssonar í Fúchse Berlin. Alexander Petersson skoraði 6 mörk fyrir Fúchse en Þórir Ólafsson fjögur fyrir Kielce. Guðmundur Árni Ólafsson og félagar í Bjerringbro-Silkeborg töpuðu 19-25 á heimavelli fyrir Veszprém og eru úr leik.

# Bara einhver vitlaus hjátrú hjá mér

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir getur ekki horft á liðsfélagana taka vítaköstin á Heimsmeistaramótinu í handbolta kvenna í Brasilíu. Línumaðurinn sterki snýr alltaf baki í vítaskyttuna og vonar það besta.

**HANDBOLTI** Það er löngu vitað að afreksfólk í íþróttum notar ótrúlegustu hluti og aðferðir til þess að róa taugarnar. Leikmenn íslenska kvennalandsliðið í handbolta eru þar engin undantekning.

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir fer fremst í flokki á þessu sviði hjá HM-liði Íslands. Línumaðurinn sterki er ekki með taugar í það að horfa á liðsfélaga sína taka vítaköst. Hún snýr alltaf baki í markið þegar íslenska liðið tekur víti, eins og sjá má á myndinni sem Pjetur Sigurðsson ljósmyndari Fréttablaðsins tók á leiknum gegn Svartfjallalandi í gær.

„Þetta er bara einhver vitlaus hjátrú hjá mér sem ég byrjaði á í fyrstu úrslitakeppinni með Val,“ sagði Anna og hló þegar hún var spurð um þessa hluti á Mercure-hótelinu í Santos í gær. Anna Úrsúla er mun vanari því að taka vítaköstin sjálf, en hún er ekki fyrsti valkostur hjá íslenska liðinu á þessu móti.

### Var stressuð yfir vítunum

„Ég var bara stressuð yfir þessum vítaköstum á þessum tíma og fór að gera þetta. Fór bara aftur að punktalínu á varnarhelmingnum, krossaði fingur og vonaði það besta. Mér fannst þetta virka svo vel að ég hélt bara áfram að gera þetta,“ sagði Anna en hún hefur einnig reynt að „afsanna“ þessa hjátrú með mjög „óvísindalegum hætti“. „Ég var eitthvað farin að efast um þetta um daginn. Og hætti að gera þetta, sneri að markinu, og þá klúðraði hún sem tók vítið fyrir okkur. Þannig að það er engin spurning um að ég verð að halda þessu rugli áfram.“

Anna tekur það skýrt fram að hún sé ekki að lýsa yfir vantrausta á þá leikmenn sem taki vítin fyrir



**HORFIR EKKI** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir vill ekki horfa þegar íslenska landsliðið fær víti á HM í Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ísland. „Ég treysti þeim 100%, Karen (Knútsdóttir) og Stella (Sigurðardóttir) hafa séð um þetta. Jenný markvörður (Guðný Jenný Ásmundsdóttir) lætur mig bara vita hvernig þetta fer hjá þeim í hvert sinn.“

### Var verri í fótboltanum

Landsliðskonan segir að hún hafi verið mun verri í þessari hjátrú þegar hún var að æfa og keppa í fótbolta. „Þá var ég alveg í ruglinu og með hrikalega marga hluti sem ég varð alltaf að gera eins fyrir hvern leik. Núna læt ég þetta eina skrytna atriði nægja.“

Eins og gefur að skilja er Anna Úrsúla ekki sú eina í íslenska liðinu sem er með einhverja siði eða hjátrú sem þurfa að vera í lagi fyrir leik. Hún þarf aðeins að hugsa sig um þegar hún er beðin um að nefna eitthvað mjög undarlegt.

### Þórey þolir ekki úfna fléttu

„Það toppar ekkert það sem Þórey (Rósa Stefánsdóttir) gerði fyrir leikinn gegn Svartfjallalandi. Hún þurfti að gera fléttuna í hárið fjórum sinnum því hún má ekki vera úfin. Þannig er þetta hjá henni, úfin flétta er sama og

lélegur leikur. Þetta er mjög mismunandi eftir fólk. Sumir gera þetta til þess að ró sig og ef það virkar er um að gera halda því bara áfram. Ef mér líður vel með þetta held ég þessu áfram – ekki nema ég fari að taka vítinn, en ég á ekki von á því,“ sagði Anna Úrsúla Guðmundsdóttir.

**Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson** fjalla um HM í Brasilíu [seth@frettabladid.is](mailto:seth@frettabladid.is) - [pjetur@365.is](mailto:pjetur@365.is)



## Norsku stelpurnar á HM: Fóru afar illa með Kína

**HANDBOLTI** Noregur og Svartfjallaland rifu sig upp eftir töp í fyrstu umferð í okkar riðli á HM í Brasilíu og unnu sína leiki í gær. Svartfjallaland, sem tapaði 21-22 fyrir Íslandi, vann 25-24 sigur á Þýskalandi og Noregur, sem tapaði fyrir Þýskalandi, fór illa með Kína.

Svartfellingar voru 23-17 yfir þegar átta mínútur voru eftir en þær þýsku sóttu að þeim í lokin. Norsku stelpurnar komust í 11-1, 20-7 og 28-8 og unnu leikinn á endanum 43-16.

## Allt um Angólaleikinn inni á visir.is

Íslenska kvennalandsliðið mætti Angóla í öðrum leik sínum á HM í Brasilíu sem hófst seint í gærkvöldi að íslensku tíma.

Fréttablaðið var farið í prentun þegar leiknum lauk en hægt er að finna ítarlega umfjöllun um leikinn inni á visir.is, bæði viðtöl við stelpurnar sem og svipmyndir úr þætti Þorsteins Joð Vilhjálmssonar á Stöð2 Sport.

Hér til hægri má sjá mynd úr fyrri hálfleiknum í leiknum í Santos í gær en þar fær Karen Knútsdóttir, leikstjórnandi íslenska liðsins, harðar móttokur hjá varnarmanni Angóla.



### UTAN VALLAR

**Sigurður Elvar Þórólfsson** segir sína skoðun

# Þekkti fögn Stjörnumanna en veit ekkert um HM

Íbúar hér í Santos eru ekki að kippa sér mikið upp við heimsmeistaramót kvenna í handbolta sem haldið er hér í borginni. Menn vilja frekar ræða um kónginn Neymar, sem er líklega vinsælasti fótboltamaður Brasilíumanna þessa stundina. Hinn nítján ára gamli framherji er enn ekki alveg jafnmikill kóngur og borgarhertjan Pelé, sem er enn aðalhetjan úr hinu sögufæra fótboltaliði Santos.

